

Handbók Skýjaborgar

Leikur, mál og læsi



Þróunarverkefnið ***Snemmtæk íhlutun - mál og læsi*** unnið í leikskólanum Skýjaborg á tímabilinu janúar 2022 – janúar 2023.

Verkefnið leiddu:

Ásthildur. Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur og faglegur ráðgjafi verkefnisins
Halldóra Guðlaug Helgadóttir, leikskólaráðgjafi og verkefnastjóri hjá Menntamálastofnun

Stýrihópur:

Þórdís Þórisdóttir, verkefnastjóri
Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri
Agnieszka Korpak, deildarstjóri
Bára Tómasdóttir, deildarstjóri
Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari

Uppfærsla 2025: Inngangur uppfærður og viðauka 10 bætt við.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Áherslur og markmið.....	2
Læsi og leikur	5
Málþroski og lestrarnám.....	7
Snemmtæk íhlutun.....	7
Grunnþættir læsis og málþroski.....	9
Hljóðkerfisvitund	11
Rím.....	13
Atkvæði/samstöfur.....	13
Hljóðgreining	13
Orðaforði.....	14
Sjálfstjórn og viðeigandi boðskipti	17
Mikilvægi þess að lesa fyrir börn.....	19
Tvítýngi/fjöltyngi.....	23
Leikur og nám.....	27
Könnunarleikurinn.....	28
Könnunaraðferðin	29
Orðaspjall	30
Lubbi finnur málbein	30
Leikur að læra.....	31
Matstæki í leikskóla og íhlutun	33
Upphaf leikskólagöngu og aðlögun	33
Kynningafundir/foreldrafundir.....	33
Hlutverk sérkennara og leikskólastjóra í snemmtækri íhlutun	33
Matstæki	34
TRAS.....	36
HLJÓM – 2.....	36
MIO	37
Viðbrögð við frávikum og íhlutun.....	39
Orðaskil.....	40
Smábarnalistinn	41
Íslenski þroskalistinn.....	41

Gefðu 10	41
Tákn með tali	42
Sjónrænt skipulag	42
PECS	43
TEACCH	43
Atferlisíhlutun	44
Samstarf leik- og grunnskóla	45
Flokkun á málörvunarefni	47
Uppbygging málörvunarstunda	49
Börn 1 – 3 ára	49
Málörvunarstundir Dropinn	49
Börn 3-6 ára	51
Málörvunarstundir Regnboginn	51
Yfirfærsla íhlutunar inn á deild	53
Lokaorð	55
Heimildaskrá	57
Viðaukar	61
Viðauki 1 Námskrár, stefnur og áætlanir	61
Viðauki 2 Lengi býr að fyrstu gerð veggspjald	63
Viðauki 3 Viðeigandi boðskipti	69
Viðauki 4 Eyðublað bakgrunnsupplýsingar tví- eða fjöltyngdra barna	71
Viðauki 5 Hæfniramar MMS	73
Viðauki 6 Að byrja í leikskóla	75
Viðauki 7 Eðlilegur málþroski og aldursviðmið	77
Viðauki 8 Flokkun á málörvunarefni	81
Viðauki 9 Málörvunarstundir	87
Viðauki 10 Gæðaviðmið fyrir mál og læsi	89

Inngangur

Sögu leikskóla í Hvalfjarðarsveit má rekja aftur til ársins 1991 þegar fjórar konur stofnuðu starfsemina „Opið hús í Fannahlíð” og var hún styrkt af þeim hreppum sem síðar sameinuðust í Hvalfjarðarsveit. Var þetta fyrsti vísir að leikskólanum Fannahlíð sem formlega var stofnaður þann 8. desember 1996. Leikskólinn var í fyrstu rekinn í félagsheimilinu Fannahlíð sem stendur í skógræktarsvæði norðan við Akrafjall. Fljótlega var samþykkt að hefja byggingu nýs leikskólahúsnæðis að Innrimel 1 í Melahverfi. Leikskólinn var opnaður þar í janúar 1999 og hlaut nafnið Skýjaborg. Til að byrja með var ein deild í leikskólanum en árið 2007 var skólinn stækkaður og annarri deild bætt við. Leikskólinn rúmar um 40 börn. Árið 2011 var ákveðið að leikskólinn Skýjaborg og grunnskólinn Heiðarskóli skyldu sameinaðir undir eina stjórn. Sameinaður skóli fékk heitið Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar. Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli og heitir yngri deild Dropinn og eldri deild Regnboginn.

Í sveitarfélaginu er skólasamstarf leik- og grunnskóla m.a. útfært með þeim hætti að sérkennari og umsjónakennari 1. bekkjar koma í leikskólann einn dag í viku og sinna sérkennslu og skólasamstarfi. Auk þess hefur kennari sinnt verkefnastjórnun í mál og læsi í Skýjaborg m.a. með stefnumótunarvinnu, fyrirlestrum og þjálfun starfsmanna og vinnu við þessa handbók ásamt fleiru tengdu þróunarverkefninu.

Árið 2022 samdi leikskólinn við menntamálastofnun um þátttöku í þróunarverkefninu *Snemmtæk íhlutun í mál og læsi* þar sem Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur var faglegur ráðgjafi og Halldóra Guðlaug Helgadóttir, leikskólaráðgjafi var verkefnastjóri. Innan leikskólans var skipaður stýrihópur sem í sátu Eyrún Jóna Reynisdóttir leikskólastjóri, Sigurbjörg Friðriksdóttir leikskólasérkennari, Bára Tómasdóttir og Agnieszka Korpak deildarstjórar og Þórdís Þórisdóttir verkefnastjóri. Í handbókinni er leitast við að skilgreina þá málþætti sem helst hafa áhrif á málþroska barna og skýra tengsl þeirra við lestrarfærni síðar meir og flokka málörvunarefni eftir viðeigandi málþáttum. Einnig eru teknir saman og útskýrðir þeir verkferlar og þau mats- og skimunartæki sem leikskólinn notar til að meta þroska barna og aðferðir sem notaðar eru við snemmtæka íhlutun og til að efla málþroska og undirbúning fyrir læsisnám.

Handbókin er því í senn leiðarljós leikskólans í málörvun barna, læsisstefna og vegvísir um íhlutun. Í viðauka 9, *Gæðaviðmið fyrir mál og læsi*, er að finna lista sem starfsfólk getur yfirfarið við skipulagningu á skólastarfinu og við mat sem tengist málörvun, málþroska og undirbúning fyrir læsi.

Áherslur og markmið

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum og reglugerðum er lúta að leikskólastarfi og byggir starfið á *Aðalnámskrá leikskóla* (2011). Starfsáherslur endurspeglar einnig áherslur í *Skólanámskrá Skýjaborgar, Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar 2022-2030* (Hvalfjarðarsveit, 2022). Einnig tekur starfið mið af *Læsisstefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar* (Hvalfjarðarsveit, 2016) og gæðaviðmiðum leikskólans í mál- og læsi. (Sjá skólanámskrá og stefnur í viðauka 1).

Sú uppeldis- og menntastefna sem unnið er eftir í Skýjaborg er sótt í smíðju kennarans

Markmið verkefnisins

Samræma starfsaðferðir í leikskólanum til að öll börn nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti.

Efla færni allra starfsmanna í vinnu með málörvun og læsi fyrir öll börn, allan daginn í öllum aðstæðum í daglegu starfi.

Tryggja stíganga í málörvun og læsisþjálfun barna frá upphafi leikskólagöngu.

Leikskólabörn fái íhlutun og málörvun við hæfi.

Tryggja að unnið sé markvisst að öllum þáttum læsis frá upphafi leikskólagöngu.

Að stuðst sé við aðferðir og verkfæri í málörvun og læsisþjálfun sem talin eru nýtast best í daglegu starfi og skipulögðum stundum.

Styrkja og efla foreldra í málörvun og læsi.

Formgera aðgerðaráætlanir / viðbragðsáætlanir vegna snemmtækrar íhlutunar.

og heimspekingsins John Dewey um það hvernig börn læra. Lagt er upp með að börn læri af reynslunni. Áhersla er á að virkja athafnaþörf og áhugahvöt með því að leyfa þeim að fást við viðfangsefnin í stað þess að vera óvirkir meðtakendur í leik og starfi. Sköpunargleði og frumkvæði barna á að vera í brennidepli.

Einkunnarorð leikskólans eru **vellíðan, virðing, metnaður og samvinna** og liggja þau til grundvallar í öllu starfi. Leikskólinn hefur verið á grænni grein síðan 2009 og er umhverfisvernd og umhverfismennt eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Í allri verkefnavinnu er hugað að

umhverfispáttum og unnið með náttúrulegan og endurvinnanlegan/endurnýtanlegan efnið eins og kostur er. Útinám er stór hluti af starfi leikskólans þar sem frjáls leikur er í forgrunni. Frjáls leikur er skilgreindur sem hvers konar sjálfsprottinn leikur sem börn eiga frumkvæði að.

Í frjálsum leik velja börn sér leikefni, eru í leiknum á eigin forsendum og honum er ekki stýrt að neinu leiti af kennara (Bryndís Guðlaugsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2017). Hlutverk kennara í frjálsa leiknum er að velja viðfangsefni og áherslur sem og að skipuleggja umhverfið með kennslufræðileg markmið í huga.



Læsi og leikur

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er lögð áhersla á grunnþætti menntunar sem eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þessir grunnþættir eru **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun**. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þekkingu og leikni sem börn skulu afla sér.

Læsi er skilgreint í aðalnámskrá bæði í þröngum og víðum skilningi. Þröngum, í bókstaflegri merkingu orðsins, sem færnin til að skilja prentaðan texta og rita og víðum í þeim skilningi að læsi snúist um merkingasköpun og sameiginlegan skilning manna á notkun tungumáls. Hér er stuðst við báðar merkingar hugtaksins en með meiri áherslu á þá þætti **málþroskans** sem taldir eru hafa hvað mest áhrif á **læsisnám** barna.

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) skal eitt af meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskóla vera að veita **skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku**. Í aðalnámskrá kemur enn



fremur fram að í leikskóla eigi að nýta þau tækifæri sem gefast í **daglegum samskiptum** til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.

Nám og þekkingarsköpun getur farið fram í leik (Lena Sólborg Valgarðsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir, 2016) sem skv. Aðalnámskrá leikskóla (2011) er skilgreindur sem órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Hann gerir börnum kleift að læra og skilja umhverfi sitt, tjá eigin hugmyndir, reynslu, tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.

Kennslufræðilegur leikur (*e. educational play*) er það leikform sem kennarar nota til að tengja kennslufræðileg markmið við leik barna og hafa á þann hátt áhrif á leikinn í því skyni að börn öðlist jákvæða reynslu og þekkingu sem er þeim merkingarbær (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Rannsóknir sýna að bæði frjáls og kennslufræðilegur leikur geta stuðlað að læsisþróun barna inna leikskólans en mikilvægt er að borin sé virðing fyrir leik barnanna og skilningur sé á því hvernig fullorðnir geta haft áhrif á hann í því skyni að tengja hann við ákveðin kennslufræðileg markmið (Bryndís Guðlaugsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2017).

Málþroski og lestrarnám

Tungumálið er undirstaða lestrarnáms og má segja að snemma á lífsleiðinni byrji undirbúningur að lestrarnámi barna, eða svo snemma sem þau fara að þróa tungumál sitt frá hjali yfir í orð. Leikskólaárin eru svo gróskutímabil í málþroska barna og verða á þessum fáu árum oftast stórstígar framfarir hjá börnum frá því að þau geta notað eitt og eitt orð rétt við um eins árs aldur yfir í að geta notað tungumálið til tjáningar, samskipta, hugsunar og frásagnar við um fimm ára aldur. Málþroski er flókið fyrirbæri sem tekur til orðaforða, hljóðkerfisvitundar og málnotkunar svo eitthvað sé nefnt sem og er tengdur félags- og vitsmunaprofka þar sem börn þurfa að gera sér grein fyrir því hvernig tjáskipti virka við ólíkar aðstæður (Brooks og Kempe, 2012).

Rannsakendur og kennarar hafa lengi vitað af því að lestrarerfiðleikar eru oft grundvallaðir á erfiðleikum í málþroska (Catts og Kahmi, 1999) og því mikilvægt fyrir barnið að gripið sé inn í þegar grunur vaknar um frávík í málþroska því öflugur málþroski er grunnur að farsælu lestrarnámi og góður lesskilningur byggir á góðum málþroska og ríkulegum orðaforða (Sigríður Ólafsdóttir, 2015).

Ferli dæmigerðs málþroska hefur verið ítarlega kortlagt og er hann talinn fylgja svipuðu mynstri hjá öllum börnum, þó að um mikinn einstaklingsmun geti verið að ræða. Flest börn fylgja dæmigerðu ferli án vandkvæða og efla málþroska sinn jafnt og þétt með auknum aldri og þroska (Bzoch og League, 1991) en góð þekking á málþroskaferlinu hjálpar til við að greina frávík frá því.

Leggja þarf grunn að undirstöðupáttum læsis frá fyrstu tíð og gegnir leikskólinn mikilvægu hlutverki í því samhengi. Undirbúningur fyrir lestur hefst snemma í bernsku og felur í sér þróun málþroskans; orðaforða, málskilnings, tjáningar og þróun hljóða- og hljóðkerfisvitundar sem og bókstafsþekkingu og að kunna viðeigandi boðskipti.

Snemmtæk íhlutun

Eitt af hlutverkum leikskóla er að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo börn fái notið bernsku sinnar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Á Íslandi er unnið eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar auk þess sem Salamanca samkomulagið, sem Ísland er aðili að, kveður á um jafnan rétt allra einstaklinga og jöfn tækifæri allra til menntunar (Hafðís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010). Skylda

menntastofnana, í samstarfi við heimilin, er að búa öllum börnum jöfn tækifæri og skilyrði til náms.

Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar er ekki ný af nálinni. Þegar fræðimenn fóru að gera sér grein fyrir því að hægt væri að hafa áhrif á þroskaframvindu barna, andlega, vitsmunalega og líkamlega, með markvissum aðferðum sem sneru bæði að barninu sjálfu og umhverfi þess fór að mótask sú hugmyndafræði sem kennd er við snemmtæka íhlutun. Hugtakið snemmtæk íhlutun er vísan í þær markvissu aðferðir sem mikilvægt er að gripið sé til til að hafa áhrif á þroskaframvindu barna snemma á lífsleiðinni eða þegar vart verður við frávík í þroska með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr erfiðleikum sem barnið kann að lenda í síðar meir vegna frávikanna. Slíkt inngrip getur falist í stuðningi við barn og/eða fjölskyldu og átt sér stað innan heimilis, í skóla eða annarsstaðar (Tryggvi Sigurðsson, 2003).

Árið 2021 voru samþykkt lög á Alþingi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og tryggja þau að öll þjónusta eða stuðningur í þágu barna skulu fara fram samkvæmt því sem er barni fyrir bestu (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86 / 2021).

Til að árangur af **snemmtækri íhlutun** verði sem mestur er mikilvægt að gripið sé **snemma inn í þroskaferlið, markvissum aðferðum** beitt við inngrip og að unnið sé í **samráði** við **foreldra** og **sérfræðinga** á hverju sviði í stað þess að *bíða og sjá* hvort þroski komi ekki af sjálfu sér. Sé ekki brugðist við strax og grunur vaknar um frávík í þroska getur dýrmætur tími farið til spillis sem hefði annars geta nýst til íhlutunar á meðan heilastarfsemi barns er ekki fullmótuð og næmni fyrir slíkri íhlutun hvað mest s.s. þegar gróskutímabil málþroska á sér stað á leikskólaárunum. Til að árangur af íhlutuninni verði sem mestur hefur einnig verið bent á að íhlutunin þarf að vera vönduð og mæta þörfum barnanna. Í því felst að þær aðferðir og námsefni sem notast er við þarf að byggja á raunprófuðum aðferðum, þ.e. að sýnt hafi verið fram árangur aðferðanna eða námsefnisins með viðurkenndum rannsóknnum (Ásthildur Bj. Snorradóttir, o.fl., 2014). Snemmtæk íhlutun þarf allt í senn að innihalda þjálfun, örvun og kennslu með vel skilgreindum markmiðum og framkvæmdaráætlunum (Tryggvi Sigurðsson, 2003).

Grunnþættir læsis og málþroski

Málþroski hefst svo snemma sem í móðurkviði þar sem barn byrjar að þróa hæfni sína til að heyra og greina að hljóð og hrynjanda tungumálsins (Brooks og Kempe, 2012). Á ótrúlega skömmum tíma, oftast á innan við einu ári, nær barnið að þróa færni sína í því tungumáli sem það elst upp við að heyra, þekkir málhljóð þess tungumáls og hrynjanda og lærir að bera fram nokkur orð. Á næstu misserum fer síðan fram eitt mesta þroskaskeið barnsins þar sem það alla jafna drekkur í sig ótrúlegan orðaforða, lærir að nota tungumálið til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Orðasafn barna stækkar smám saman, þau læra þau orð sem þau heyra og geta notað þau til að tjá sig og skilja aðra. Smám saman byggja þau upp merkingarsafn orða sem þau kunna og samtímis verður til hljóðkerfissafn orðanna þar sem hljómmynd og framburður orða eru geymd. Það er á þessum grunni talmálsins sem lesturinn/umskráningin byggir á þegar formlegt lestrarnám hefst (Stuart og Steinthorp, 2016).

Carrol ofl. (2011) benda á að færni barna í talmálinu snemma á æviskeiðinu gefi fyrstu vísbendingar um það hvernig barni muni koma til með að ganga í lestrarnáminu. Börn sem hafa veikleika í þáttum tungumálsins eru þannig líklegri en önnur með að lenda í erfiðleikum í lestrarnáminu. Hugtakið bernskulæsi (e. *emergent literacy*) hefur verið notað til að lýsa eða skilgreina það ferli sem á sér stað áður en formlegt lestrarnám hefst og gerir hátt undir höfði þeirri þekkingu og færni í tungumálinu sem er undirstaða eða forsenda lestrarnámsins.

Börn koma með ólíka þekkingu og reynslu af rit- og talmáli í grunnskólann, sumir með mikla reynslu og hafa náð góðum tókum á undirstöðum lestrar og aðrir með litla reynslu og hafa ekki náð tókum á undirstöðum lestrar (Kamhi og Catts, 2014). Þekking á þeim þáttum sem veita forspá um það hvernig lestrarnámið muni ganga eru mikilvægir til að finna snemma þá einstaklinga sem líklegir eru til að eiga í erfiðleikum með lestrarnámið og veita þeim þjálfun og kennslu við hæfi.

NELP (National Early Literacy Panel) birti skýrslu þar sem færniþættir lestrar voru greindir, þ.e. hvaða færni segði til um lestrarárangur síðar meir (Shanahan og Lonigan, 2010). Þar kom fram að þeir þættir sem mesta forspá höfðu voru; stafabekking, hljóðkerfisvitund, nefnuhraði (myndir og litir), hljóðkerfisminni og það að geta skrifað nafnið sitt með bókstöfum (sundurgreining og samtenging). Auk þess voru skilgreindir fimm þættir sem höfðu minna forspárgildi en taldir mikilvægir þó. Þeir þættir voru; þekking á ritmálsreglum (þekking á lestrarátt og hugtökum um bækur), snemmbær ritfærni, snemmbær lestrarfærni (þekking á

En hvernig hafa áðurnefndir málþroskaþættir áhrif á læsisþróunina? Þegar börn hefja grunnskólagöngu sína er gert ráð fyrir því að þau geti skilið tungumálið og notað og beitt því á ólíka vegu. Það er ætlast til þess að þau geti **hlustað** og **skilið** það sem við þau er sagt, að þau geti **fylgt fyrirmælum** og **talað skýrt**. Einnig að þau hafi færni til að **beita** tungumálinu til að tjá þarfir sínar og fært öðrum skilaboð (Carrol, o.fl., 2011). Carrol og félagar (2011) benda á að þau börn sem hefja skólagöngu með slaka eða skerta málfærni eigi í hættu á að eiga í lestrarerfiðleikum sem síðan geta leitt til námserfiðleika. Íslensk rannsókn leiddi einnig í ljós tengsl á milli málþroskamælinga barna við 4 ára aldur og námsgengi út grunnskólann og lengur (Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2011) og því mikilvægt að greina og grípa inn í veikleika eða frávik í málþroska barna snemma með viðurkenndum aðferðum í gegnum leikaðstæður.



Mikill þroskamunur er á börnum við upphaf skólagöngu þrátt fyrir alla þá málfærni sem börn búa yfir. Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2004) gerði rannsókn á 165 fimm ára börnum þar sem frásagnarhæfni þeirra var metin. Í ljós kom að munurinn á sögum barnanna var gríðarlega mikill og spannaði allt frá færni þriggja ára barns til færni níu ára barns í frásagnarhæfni. Þau sem best stóðu sig gerðu efnismiklar sögur og notuðu góðar samloðanir

og mikið af fjölbreyttum samtengingum ásamt greinargóðum fornöfnum sem vísuðu til persóna sögunnar á meðan þau sem verst komu út notuðu stuttar setningar, fáar og jafnvel engar tengingar og bentu jafnvel á persónur og hluti á myndum og tjáðu sig með stökum orðum.

Að ofansögðu er ljóst að grunnurinn að þeim mikilvægu færniþáttum sem lestrarnám byggir á er lagður áður en börn hefja grunnskólagöngu sína. Það er því samstarfsverkefni leikskóla og heimila að hlúa að þessum þáttum. Öll þessi þróun í tungumálinu hjálpar til þegar kemur að formlegu lestrarnámi.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er talin hafa eina mestu forspána um hvernig lestrarnám komi til með að ganga og hefur verið sýnt fram á tengsl mælinga á hljóðkerfis- og hljóðavitund og lestrarfærni síðar meir í fjölmörgum rannsóknum (Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2011; O'Connor, 2014; Kamhi og Catts, 2014). Hljóðkerfi vísar til þeirra hljóða sem við notum í tungumálum og skiptist upp í ólík hljóð sem eru hljóðin sem við getum framkallað og þau hljóð sem hafa ákveðna merkingu í tungumáli

okkar (Brooks og Kempe, 2012). Hljóðkerfisvitund er færni eða hæfileiki til að heyra eða skynja hljóðin og atkvæðin í hljóðkerfi tungumálsins, aðgreina þau hvert frá öðru og geta breytt þeim viljandi. Það að læra hljóð stafa er hljóðkerfislegur þáttur og því talið að börn sem hafa slaka hljóðkerfisvitund séu líklegri en önnur til að eiga í vanda við að læra að umskrá (Carrol, o.fl., 2011). Almennt er talið að hljóðkerfisvitund þróist eða þroskist frá stærri einingum til hinna smærri. Frá færninni að geta unnið með rím og stuðlun, sundurgreiningu setninga, sundurgreiningu og samtengingu atkvæða í orðum yfir í samtengingu og sundurgreiningu stakra hljóða í orðum og vinna með þau á meðvitaðan hátt. Sá þáttur hljóðkerfisvitundarinnar sem snýr að því að geta tengt saman og sundurgreint stök hljóð er kallaður hljóðavitund. Hljóðavitund er næmi fyrir því að hvert orð er samsett úr röð hljóða sem táknuð eru með bókstöfum og er hún því lykillinn að því að skilja reglur stafrófsins og því að ná upp færni í umskráningu og stafsetningu (sbr. Snow o.fl., 1998, sjá í Helga Sigurmundsdóttir, e.d.).

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig hljóðkerfishæfnipættir þróast hjá börnum á leikskólaaldri. Hér á eftir er farið í það hvernig einstaka þættir hljóðkerfisvitundarinnar tengjast lestrarfærni og hvernig líklegt er að stígandi verði í hæfninni eftir því sem börn eldast.

Aldur í árum	Þróun hljóðkerfishæfnispátta	Áhersluatriði	Reynsla af ritmáli
4	Að þekkja/ kunna barnaljóð Að þekkja rím Að tengja saman atkvæði Að sundurgreina atkvæði	• Æfa þulur og vísur með góðan hrynjanda. • Bera kennsl á hvort orð ríma eða ekki. • Tengja atkvæði t.d skó- li hvað er ég að segja? • Telja fjölda atkvæða í orðum – t.d. <i>leik-skó-li</i>.	Þekkir stafi.
5	Stuðlun (e. Alliteration) Að flokka eftir upphafshljóðum Að greina sundur atkvæði Að ríma	• Greina líkindi í upphafi orða s.s Stebbi stóð á ströndu. • Greina forhljóð orða, hvaða orð passa saman og hvaða orð á ekki heima í flokknum t.d. <i>sól, sími, tunna</i> • Greina hvaða orð ríma og geta leikið sér með rím s.s. bullrím.	Byggir upp sjónrænan orðaforða.
5 ½	Að vinna með atkvæði Að greina byrjunar- og endahljóð Að tengja saman hljóð Að sundurgreina/ aðgreina hljóð	• Vinna með atkvæði t.d að klappa atkvæði orða og flokka þau saman eftir fjölda. • Tengja saman hljóð t.d. <i>s-ó-l</i> hvað er ég að segja? • Sundurgreina hljóð t.d. hvað eru mörg hljóð í orðinu <i>sól</i>?	Umskráir stafi.
6	Að bæta við hljóðum Að eyða hljóðum úr orðum Að skipta á hljóðum í orði	• Bæta hljóði við orð og búa til ný s.s. ef ég bæti / framan við <i>ás</i> hvaða orð bý ég til? • Eyða hljóði úr orði t.d. hvaða orð bý ég til ef ég tek / úr <i>lás</i>. • Skipta á hljóðum t.d. hvaða orð verður til ef ég tek / úr orðinu <i>róla</i> og set <i>f</i> í staðinn?	

Byggt á: Muter, 2006

Rím

Það að geta rímað og hlustað eftir rími er færni sem hjálpar börnum að skilja hvernig tungumálið virkar, hjálpar þeim að koma auga á / hlusta eftir hljóðum innan orða. Þegar unnið er með rím, þulur eða vísur þá er ósjálfrátt lögð áhersla á sérhljóða í orðum sem auðveldar að koma auga á atkvæði í orðum. Rím hjálpar einnig við að skynja takt tungumálsins og undirbýr börn fyrir að sjá fyrir orð í texta (hvaða orð gæti komið næst).



Miðað er við að við fjögurra ára aldur eigi börn að vera orðin fær um að koma auga á og þekkja rím. Í Skýjaborg er unnið með rím alla leikskólagönguna í gegnum fjölbreytt verkefni. Mikilvægt er að benda börnum á hvernig rím virkar, að orðin sem ríma hljóma líkt og gaman að skoða hvaða hljóð breytast þegar við rímum. Einnig er mikilvægt að kenna börnum að hlusta eftir ósamræmi í rími, þ.e. hvaða orð ríma ekki.

Atkvæði/samstöfur

Að greina atkvæði orða snýst um að skipta orðum í minni hluta, samstöfur. Samstöfur snúast um hljóðræna orðhluta en ekki endilega atkvæði samkvæmt íslenskum málfræðireglum. Samstöfur má finna með því að klappa hljóðfall í orðum.

Við fjögurra ára aldur eiga börn að geta greint fjölda atkvæða í orðum og við 5 ½ árs aldur unnið með þau.

Í Skýjaborg er unnið með atkvæði á eldri deildinni með börnum frá 3ja ára aldri. Byrjað er að klappa atkvæði í nöfnum og síðan eftir því sem þau eldast bætist í orðin sem unnið er með.

Hljóðgreining

Hljóðgreining felur í sér færni í að hlusta eftir hljóðum í orðum. Að greina upphafs- miðju og endahljóð orða. Hér er nærtækast að byrja á nöfnum barnanna t.d. „í dag ætla G G G G Guðmundur að bjóða til borðs“ „ég er að hugsa um barn sem byrjar á stafnum sem segir S S S - já Sigríður“. Hér er líka hægt að segja setningar þar sem flest orð byrja á sama stafnum. Í

leikskólanum er notast við kennsluefnið *Lubbi finnur málbein* sem nýtist mjög vel til að æfa þennan þátt. Nánar er sagt frá Lubba síðar í handbókinni. Fjölmörg verkefni eru í bókunum *Markviss málörvun* og *SÓL* sem snúa að eflingu hljóðgreiningarfærni. Mikilvægt er að börn hafi skilning á því hvað þýðir fremsta eða fyrsta hljóð í orði áður en þau geta farið að æfa sig í að greina hljóð. Verkefni eru síðan þyngd eftir því sem börnin verða færari. Hægt er að sleppa hljóði í orði, greina miðjuhljóð og endahljóð, sundurgreina og/eða samtengja.

Hljóðeyðing er æfð með því að hlusta eftir því hvaða orð verða til þegar einu hljóði er sleppt t.d. hvaða orð kemur ef ég tek hljóðið t úr kista – kisa.

Í Skýjaborg er unið með hljóðgreiningu frá upphafi leikskólagöngu, mest í gegnum verkefni tengd Lubba. Á yngri deild er unnið með staf og hljóð barnsins en eftir því sem þau eldast þá er unnið með þau orð sem verið er að leggja inn í gegnum leik og skipulagðar stundir t.d. með því að setja kubb fyrir hvert hljóð sem heyrir eða hlusta eftir fyrsta hljóði í orði.

Orðaforði

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur kann og skilur. Honum er hægt að skipta upp í virkan orðaforða, orð sem við kunnum og notum í daglegu tali, og óvirkan orðaforða, orð sem við skiljum en notum ekki. Óvirki orðaforðinn er að jafnaði mun stærri en sá virki. Góður orðaforði er grunnurinn að góðum lesskilningi og tengist læsi á þann hátt. Mjög snemma kemur í ljós mikill munur á orðaforða barna og er sá munur líklegur til að aukast þar sem meira bætist í orðaforða þeirra sem hafa betri grunn, þar sem málörvun er meiri og skilvirkari/markvissari.

Orðaforða er einnig skipt upp í þrjú stig eða lög.

1. lagið er kallað **grunnlag** eða grunnorðaforði. Þar eru þau orð sem við kynnumst strax á unga aldri og eru lýsandi fyrir það umhverfi sem við erum í. Í grunnlaginu eru t.d. orð eins og borð og stóll, stelpa og strákur og mamma og pabbi.
2. lagið eða **milliprepið** eru orð sem við þurfum að þekkja og eru annarsvegar samheiti orða í grunnlaginu eins og piltur og stúlka, móðir og faðir, og einnig orð sem eru ólýsandi eins og tignarlegur, hamingjusamur eða varkárni. Þessi orð þarfnast útskýringa og byggja þær útskýringar á orðaforða í grunnlaginu og öðrum hluta milliprepsins. Þetta stig orðaforða er jafnan talið skipta sköpum þegar kemur að lesskilningi og þau lærast einna helst í gegnum bækur.
3. lagið eða **efsta prepið** eru sérhæfð orð og lærast í tengslum við ákveðin viðfangsefni eða fræðigreinar. Þarna eru orð eins og kjarni, tónsvið og sólkerfi. Til þess að útskýra þessi orð þarf einstaklingur að búa yfir þekkingu á grunn- og millilagi orðaforðans (Anna Sólveig Árnadóttir o.fl., 2020)

Á leikskólaaldri tileinka börn sér grunnorðaforðann og bæta smám saman við sig orðum úr millilaginu. Þau efla virka orðaforða sinn í gegnum tjáskipti við börn og fullorðna og bæta jafnframt við sig óvirkum orðaforða með því að hlusta á sögur, tónlist og tal. Í bókinni *Orðaspjall* er að finna góða umfjöllun um hvernig hægt er að vinna markvisst að innlögn orðaforða. *Orðaforðalisti menntamálastofnunar* er einnig gagnlegur til að átta sig á orðum sem falla í grunnorðaforðann.

Menntamálastofnun hefur gefið út handhæg læsisráð til að styðja við og efla málþroska barna og sjá má í viðauka 2.

Sjálfstjórn og viðeigandi boðskipti

Það að geta hlustað á aðra og haldið einbeitingu er færni sem er mikilvæg í námi. Í öllu starfi þarf að hjálpa börnum að einbeita sér að því sem er verið að gera hverju sinni, kenna þeim aðferðir við að efla einbeitingu og fylgjast með því hvort þau meðtaki skilaboð. Hegðun og boðskipti eru nátengd. Bent hefur verið á að ef röskun verður á málþroska geta börn þróað með sér hegðunarerfiðleika og því mikilvægt að leggja snemma áherslu á að styrkja boðskiptafærni (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014).

Þar sem ung börn læra best í gegnum leik er mikilvægt að flétta viðeigandi boðskiptahætti inn í leikaðstæður. Þá er átt við þætti eins og að sitja kyrr, passa

hendur, hlusta, horfa, bíða, gera til skiptis, sameina athygli, muna og læra að setja sig í spor annarra. Í leikskólanum er notast við svokallaðar *Bínureglur* sem byggja á hugmynd Ásthildar Bj. Snorradóttur og sýna myndrænt viðeigandi hegðun og boðskipti. Hlustun þarf að þjálfá sem og færni í að viðhafa viðeigandi boðskipti eins og að hafa sjálfstjórn og auka skilning á því til hvers er ætlast af þeim. Mikilvægt er að fylgjast með því hvort þessir þættir eru til staðar hjá barninu og þjálfá sérstaklega ef það hefur ekki náð tökum á þeim.

Mikilvægt er að börn viti til hvers er ætlast af þeim í hverjum aðstæðum til að þeim líði betur. Sjónrænar vísbendingar hafa reynst vel til að hjálpa börnum að muna viðeigandi boðskipti og hegðun í viðfangsefnum í daglegum aðstæðum. Með því að hafa sjónrænar vísbendingar til að aðstoða við að læra viðeigandi boðskipti og hegðun er hægt að minna barnið á jákvæðan hátt til hvers er ætlast til af því. Börn með góða sjálfstjórn geta sett sér markmið og verið í tengslum við verkefni eða markmið sem þau vinna að. Þessi færni krefst ákveðins þroska sem sérstaklega þarf að efla hjá börnum með málþroskafrávik. Sjá nánar um viðeigandi boðskipti í viðauka 3.



Mikilvægi þess að lesa fyrir börn

Undirstaða lesskilnings er málskilningur og því skiptir miklu máli að auka orðaforða og efla hlustunarskilning barna. Í gegnum bóklestur eykst skilningur og næmni fyrir merkingu tungumálsins og blæbrigðum þess (Rannveig Jóhannsdóttir, 2011). Í leikskólastarfinu eiga bækur og bóklestur að skipa stóran sess og mikilvægt er fyrir leikskólann að eiga gott safn af fjölbreyttum bókum.

Í fyrstu snýst bóklestur um að skoða tengsl mynda og orða. Að hvetja börnin til tjáningar og fá þau til að segja frá því sem fyrir augum ber í bókunum. Áherslan er þá á myndabækur þar sem myndirnar eru uppspretta tjáningarinnar og orðaforði lagður inn. Síðar fer bóklestur að snúast í meira mæli um framvindu í sögu, þemu og viðburði sem hver bók fjallar um auk nýs orðaforða (hærra stigs orðaforða). Slíkur bóklestur hvetur til samræðna um fyrri reynslu barnanna, upprifjun á söguþræði eða líkum sögum eða sem undirbúningur fyrir síðari reynslu eins og tannlæknaheimsókn eða sundferð svo dæmi séu tekin. Til að best sé að málum staðið er mikilvægt að starfsfólk leikskólans og foreldrar/forráðamenn séu vel upplýstir um mikilvægi

AÐ LESA MEÐ BÖRNUM

- Skoða tengsl mynda og orða.
- Hvetja börn til frásagna.
- Læra ný orð.
- Ræða reynslu.
- Undirbúa nýja reynslu.
- Lestur á hverjum degi.
- Rólegar og afslappaðar stundir á forsendum barna.
- Skapa jákvætt viðhorf til bóka.
- Leikræn tjáning.
- Vekja athygli á lestrarátt, stöfum og táknum.
- Endurtekning.
- Æfa ritun eftir upplestri.
- Fjölbreyttir miðlar til lestrar.



bóklesturs fyrir börn og hvaða ávinningur er af slíkum lestrarstundum. Til eru leiðbeiningar fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra/forráðamenn um hvernig gott er að setja sögu- og lestrarstundir upp og í hvaða tilgangi og eru eftirfarandi punktar byggðir á þeim leiðbeiningum:

Sögu- og lestrarstundir

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk og foreldra/forráðamenn

- Talið við barnið frá fyrstu tíð og ýtið undir hjál þess og babl.
- Syngið og raulið fyrir barnið, gjarnan sömu vísurnar aftur og aftur.
- Lesið fyrir barnið á hverjum degi.
- Gerið lesturinn skemmtilegri með því til dæmis að breyta tónhæð og styrk raddarinnar eftir persónum og til að auka spennu.
- Ræðið við barnið um það sem er að gerast í sögunni, hvað er að gerast á myndunum og leyfið barninu að geta upp á hvað gerist næst.
- Spjallið um valin orð til að auka orðaforða.
- Nýtið fjölbreytta miðla til að efla frásagnarhæfni s.s. myndir og myndaalbúm.
- Spjallið við barnið um lestraráttina frá vinstri til hægri og hvernig við lesum niður hverja blaðsíðu og yfir á þá næstu.
- Vekið athygli á bókstöfunum heiti þeirra og hljóðum. Hjálpið barninu að finna bókstafi í texta.
- Lesið bækur um fjölbreytt efni, bæði sögur og ljóð.
- Lesið uppáhaldsbækur barnsins aftur og aftur.
- Hvetjið börnin til að teikna og skrifa og skrifið líka niður eftir barninu.
- Tölvur, spjaldtölvur og lesbretti er sjálfsagt að nýta eins og bækur til málörvunar og ánægju.

(Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, e.d.)

Í Skýjaborg er lögð áhersla á að nýta vandaðan bókakost í starfinu, að aðgengi barna að bókum sé gott og þau læri að umgangast bækur og fái tækifæri til að hlusta á lestur á hverjum degi.

Á Dropanum (1-3 ára) eru bækur aðgengilegar í hæð barnanna og/eða sýnilegar þar sem þau geta óskað eftir því að fá ákveðnar bækur. Bækur eru látnar snúa þannig að börnin geta séð bókakápurnar. Engar fastar lestrarstundir eru á Dropanum heldur grípur starfsfólk bækur reglulega yfir daginn t.d. þegar beðið er eftir matnum eða ef barn biður um bók, skoðar og les með börnunum.

Á Regnboganum (3-5 ára) eru bækur lesnar í hópastund eða einstaklingslega þar sem barn eða fullorðinn á frumkvæði að lestrinum. Áhersla er á gagnvirkkan lestur þar sem markviss orðaforðainnlögn á sér stað sem og samræður um bókina með spurningum og vangaveltum um orð, texta eða þema á sér stað. Oft eru unnin verkefni upp úr bókinni með ýmsum aðferðum t.d. teikningum, kubbum eða annarskonar listsköpun.



Tvítýngi/fjöltyngi

Tungumálið er samskiptatæki og skert færni í tungumálinu skerðir bæði tækifæri og möguleika til náms og þátttöku í samfélaginu. Málproski barna fylgir sömu lögmálum hvort sem þau læra eitt eða fleiri tungumál samhliða, þ.e. að þróast frá babbli yfir í einstaka orð sem verða smám saman að setningum sem innihalda fleiri orð sem og að hljóðkerfishæfnin þróast frá því að börn heyri hljóð tungumálsins yfir í að þau geti aðgreint þau og leikið sér með þau. Það sem greinir tví- eða fjöltyngd börn frá þeim börnum sem alast upp við eitt tungumál virðist í meginatriðum snúa að þeim orðaforða sem börnin læra og tileinka sér í þeim tungumálum sem þau læra.

Hópur tví- eða fjöltyngdra leikskólabarna er eins ólíkur innbyrðis eins og börnin eru mörg. Þau eru ýmist fædd í útlöndum eða á Íslandi, eiga báða eða annað foreldri með annað móðurmál en íslensku, eiga foreldra sem eiga fleiri en eitt móðurmál, eru á ólíkum aldri þegar íslenskunám þeirra hefst og alast upp í margvíslegu málumhverfi svo eitthvað sé nefnt. Það er því erfitt að setja alla tví- og fjöltyngda undir einn og sama hatt. Það sem við vitum þó er að málproski þeirra er ekki talinn víkja frá málproska eintýngdra barna. Börn geta lært fleiri en eitt tungumál á sama tíma og gengið það vel en á sama tíma vitum við að ýmislegt getur einnig hamlað því að íslenskunámið gangi sem skyldi s.s. frávik í málproska eða skortur á íslenskukennslu eða íslensku málumhverfi.

Börn á máltökualdri geta lært og tileinkað sér fleiri en eitt tungumál á sama tíma og gengið það vel ef skóli, heimili og samfélag styðja við máltökuna. Það er ljóst að tungumál leikskólans lærist einna helst í leikskólanum og tungumál heimilis á heimilinu og því mikilvægt að bæði heimili og skóli séu meðvituð um að leggja inn orðaforða sem tengist báðum stöðum.


Mikilvægt er að styðja sem best við móðurmál barna, þótt geta í móðurmáli sé ekki forsenda þess að læra önnur tungumál. Stundum hafa börn t.d. betra vald á íslensku eða ensku þó móðurmál þeirra sé annað. Þögult tímabil kemur stundum hjá barni þegar



það áttar sig á að það mál sem það notar skilst ekki í leikskólanum. Barnið hlustar þá en tjáir sig lítið vegna þess að það er að læra að ná valdi á öðru tungumáli og er að safna orðum í orðabanka sinn sem það notar þegar það er tilbúið.

Rannsóknir hafa gefið vísbendingar um að börn sem læra íslensku sem annað mál á Íslandi gengur verr en þeim börnum sem læra önnur tungumál en móðurmál sitt í öðrum löndum (Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022). Það bendir til að mikilvægt sé að efla íslenskukennslu enn frekar hjá tvítyngdum börnum og veita þeim viðeigandi málörvun og stuðning frá upphafi leikskólagöngu til að jafna möguleika þeirra til frekara náms. Börn læra þann orðaforða sem þau komast í tæri við og því mikilvægt að hugað sé sérstaklega að samskiptum og tjáskiptum við þau börn sem læra íslensku sem annað mál og að þau fái notið ríkulegs málumhverfis í leikskólanum.

Frávik í málþroska tvítyngdra barna eru oft vangreind og skýrð með því að þau séu að læra tvö tungumál eða þau ofgreind með málþroskafrávik þegar raunverulegi vandinn er að þau hafi ekki haft ekki næg tækifæri til málörvunar í íslensku málumhverfi. Meta þarf hvort málþroskapróf sem stöðluð eru á öðru tungumáli en móðurmáli þess séu til þess fallin að greina hvort um málþroskavanda sé að ræða, hvort barnið hafi þann bakgrunn sem þarf til að taka prófið s.s. tengsl við myndir, hluti og spurningar sem notaðar eru í prófinu (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014). Mikilvægt er að huga að þörf fyrir aðkomu túlka við mat á málþroska tvítyngdra barna.



Aðferðir sem notaðar eru í Skýjaborg til að stuðla að virku tvítyngi:

- Fá góðar bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum við upphaf leikskólagöngu. Aðkoma túlks ef á þarf að halda. (Sjá eyðublað í viðauka 4).
- Hvetja og styðja foreldra að tala sitt eigið móðurmál heima og hvetja þá til að lesa daglega fyrir barnið.
- Sýna heimamáli barnsins áhuga og hvetja starfsfólk til að nota orð t.d. góðan daginn á tungumáli barns.
- Nýta sjónrænt skipulag.
- Efla orðaforða markvisst í daglegu starfi sem og sérstakri málörvun.
- Skapa þörf og aðstæður fyrir boðskipti.
- Lesa í fámennari hópum.

Við mat á íslenskufærni tví- eða fjöltyngdra barna er notast við hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla frá Menntamálastofnun. Sjá nánar í viðauka 5.

Leikur og nám

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra og utan. Í leiknum er stutt við **nám** barna m.a. með því að eiga **samskipti** við börn og mynda **tengsl** við þau, vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja **áhuga** barna, styðja við nám þeirra og styðja við og efla jákvæð samskipti. Í leik barna og daglegu starfi gefast fjölmörg tækifæri til að styðja við og efla málþroska barna og veita innngrip og íhlutun ef á þarf að halda.

Leikur er börnum eðlislægur, hann er hornsteinn alls leikskólanáms og hið eðlilega tjáningarform barnsins. Af leik sprettur ný þekking, ný tilfinning, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Í deildarnámskrám Dropans og Regnbogans (sjá í viðauka 1) eru sett fram markmið með leik. Þau eru m.a. að barnið fái tíma og rými til að leika sér, tækifæri til að þróa leik sinn í hópi og auki félagsfærni sína og samleik. Til að ná



þessum markmiðum þarf að hafa frjálstan leik í fyrirrúmi í daglegu starfi, hafa fjölbreyttan efnivið í boði fyrir börnin til að nota í leik og skipta barnahópnum upp í smærri hópa í leikstundum. Þátttaka fullorðinna í leik barna er einnig mikilvægur þáttur. Með börnum sem þurfa aðstoð í leik taka kennarar þátt í leiknum með

börnunum en leyfa forvitni og sköpunargleði barnanna að njóta sín. Það gera þeir m.a. með opnum spurningum sem geta stutt samræður inn í leiknum og aukið orðaforða. Leikurinn felst í að rannsaka hluti, prufa hvernig þeir virka og hvaða áhrif barnið getur haft á hlutinn. Yngri börn leika mikið hlið við hlið en eftir því sem börnin eldast breytist leikurinn yfir í hlutverka-, þykjustu-, hóp- og regluleiki. Á Regnboganum eykst samleikur barna og hlutverk kennarans fer meira yfir í að skipuleggja umhverfið og vera í nánd við börnin. Kennarar fara samt sem áður inn í leikinn ef þörf er talin til t.d. til að hjálpa börnum að halda leiknum áfram eða til að aðstoða við lausn vanda sem upp hefur komið. Áhersla er á skráningu á leik barna t.d. með ljósmyndum eða skriflegri athugun sem nýtt er t.d. til upplýsinga til foreldra/forráðamanna.

Í Skýjaborg er eftir fremsta megni reynt að láta dagskipulag deildanna ekki trufla frjálsa leikinn. Ef flæði er í leik barna er þeim leyft að halda áfram á meðan annað skipulag tekur við hjá öðrum t.d. með því að sum börn leiki lengur inni en önnur fara út.

Eitt af lykilhlutverkum starfsmanna er að styðja við málþroska og þróun læsis í gegnum frjálsan leik m.a. með samræðum og með því að veita aðgang að læsis- og málörvandi efnivið, hvetja til notkunar á tungumálinu og efla viðeigandi boðskipti. Einnig með því að skapa umhverfi sem ýtir undir og örvar eðlislega forvitni barna á tal- og ritmáli.

Könnunarleikurinn

Könnunarleikurinn er leikur barna með það sem kallað hefur verið verðlaus efniviður og hefur helst verið notaður á yngri deild leikskólans, en eftir því sem börnin eldast hafa þau sótt í að halda áfram að leika með verðlaust efni og hefur leikurinn því fundið leið í leik á eldri deildinni. Könnunarleikur gengur út á það að safnað er saman efnivið með ólíka eiginleika og form s.s. klemmur, keðjur, svampar, plastílát og rör sem settur er í kassa og barnið fær að uppgötva möguleika hlutanna með snertingu, lykt, bragði, heyrn og sjón. Í könnunarleiknum eru öll þessi skilningarvit örvuð sem og gróf- og fínhyrfingar. Hverju barni gefst tækifæri á að uppgötva efniviðinn og umhverfi sitt á sínum forsendum. Könnunarleikur kemur ekki í staðinn fyrir frjálsan leik heldur er ætlaður sem viðbót til að auðga leik yngstu barnanna (1-3 ára).

Það er engin rétt leið í könnunarleik og er efniviður mismunandi eftir því hverju kennararnir safna. Þessi aðferð hvetur til þess að hinn fullorðni sé skapandi og geri umhverfið að örvandi stað fyrir yngstu börnin.

Tiltektin eftir leikinn er jafnmikilvæg og leikurinn sjálfur. Kennarinn stjórnar með því að biðja börnin um að ná í hlutina og setja í réttan poka og hjálpa þeim að finna hlutina. T.d. með því að segja: þarna undir stólnum, náðu í bláu dósina við hliðina á mér o.s.frv. Þannig er hægt að kenna börnunum hin ýmsu hugtök og litaheiti.



Könnunaraðferðin

Könnunaraðferðin (e. *Project Approach*) er dæmi um kennslufræðilegan leik eða námsaðferð sem nýtt er fyrir eldri börn í leikskólanum. Könnunaraðferðin gengur út á að valið er ákveðið þema eða viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því, út frá áhuga barnanna.

Aðalmarkmið könnunaraðferðarinnar er að þroska áhuga ungra barna og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu, heldur líka um tilfinningalega, siðferðilega og fagurfræðilega þætti. Gengið er út frá því hvaða þekkingu börnin hafa og hvernig má efla hana. Kennarinn aðstoðar börnin við að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið og skilgreina



hugtök þannig að það geri sér grein fyrir tengslum og merkingu viðfangsefnisins. Hann hvetur börnin til að spyrja spurninga og spyr þau opinna spurninga (hvað, hvernig, hvað haldið þið?). Þannig nær hann fram áhuga barnanna og getur æft þau í að styrkja hugsanavenjur sínar.

Með könnunaraðferðinni læra börnin um lýðræði með því að taka þátt í lýðræði.

Þau fá að tjá hugsanir sínar og skoðanir, ná utan um þekkingu sína og koma henni á framfæri.



Líðan barnsins á meðan á vinnu verkefnisins stendur hefur mikil áhrif á hvernig til tekst, þess vegna er mikilvægt að verkefnið höfði til barnanna og að þeim líði vel.

Hlutverk kennarans í könnunaraðferðinni er að skipuleggja og framkvæma verkefnið og leiða það áfram á forsendum barnanna. Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir spurningum barnanna, ræða þær hugmyndir sem koma upp og setja fram tilgátu um það sem verið er að athuga. Hann þarf að hvetja börnin

áfram, styðja þau og fá þau til að nýta þá þekkingu sem þau búa yfir.

Könnunaraðferðinni er skipt upp í þrjú stig, sem tákna upphaf, miðju og endi. Á fyrsta stigi er viðfangsefni afmarkað og bakgrunnsþekking barna kölluð fram. Á öðru stigi fer fram

rannsókn sem getur falist í að skoða bækur, myndbönd, fara í vettvangsferðir eða ræða við aðra sérfræðinga en kennara. Þriðja stigið felur í sér kynningu og mat á verkefninu og jafnvel sýningu.

Þegar könnunaraðferðin er framkvæmd er mikilvægt að hafa námssvið leikskóla í huga og flétta þau inn í vinnuna.

Á Regnboganum er unnið með 1-2 könnunarverkefni á skólaárinu. Eldri börn kjósa með handauppréttingu hvaða verkefni skal tekið fyrir og þau yngri nota kubba á mynd til að velja. Mikið er lagt upp úr því að ræða vel hvaða nýja þekking varð til í ferlinu og hvernig þau öðluðust hana. Einnig hvort verkefnið hafi á einhverjum tímapunkti breyst frá upphaflegu áætluninni.

Orðaspjall

Orðaspjall er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin var þróuð í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ í samvinnu við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Aðferðin leggur mikla áherslu á orðaleiki og leikræna tjáningu og markvissa orðaforðainnlögn í gegnum bóklestur með útskýringum, umræðum og leikjum.

Þegar kennari les bók með börnum velur hann orð úr bókinni til að kenna, ræða um og leika með. Þegar orðið kemur fyrir í sögunni staldrar hann stuttlega við það og útskýrir merkingu þess en eftir lesturinn útskýrir hann það betur, ræðir merkingu þess og leitast við að nota það í öðru samhengi en gert er í sögunni sjálfri. Hér gefst tækifæri til að tengja orðaforðainnlögn við leik barna t.d. með því að leika orð hvert fyrir annað, para saman myndir og orð, skrifa á töflu, teikna eða mála, allt til þess fallið að auka orðaforða barna, málskilning og tjáningu.

Með því að skrifa orðin á renning og hengja upp gerir kennarinn aðferðina sýnilegri, getur rifjað orðin upp, nýtt þau í nýju samhengi og fest þau þannig betur í minni.

Gefin hefur verið út bók um orðaspjallsaðferðina sem heitir *Orðaspjall- að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri* þar sem ítarlega er fjallað um aðferðina í máli og myndum og gefin dæmi um notkun aðferðarinnar í leikskólastarfi.

Lubbi finnur málbein

Hljóðasmiðja Lubba byggir að stórum hluta á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur um hljóðþróun ungra barna sem og á rannsókn um framburð 2 - 8 ára barna. Lubbi finnur málbein er íslenskt efni sem hjálpar börnum á aldrinum tveggja til sjö ára að læra íslensku málahljóðin. Lubbi er íslenskur fjárhundur í lopapeysu sem ferðast um landið í leit að hundabeinum með íslensku

málhljóðunum (Eyrún Í. Gísladóttir o.fl., 2014). Höfundar eru talmeinafræðingar og höfðu starfað við talþjálfun barna í áratugi áður en þær bjuggu Lubbaefnið til. Málhljóðin eru kennd í þeirri röð sem flest börn ná tökum á þeim. Hvert málhljóð notast við lag, vísu eða örsögu og tákn eða hreyfingu til kennslu.

Í Skýjaborg er unnið með Lubbaverkefni í málörvunarstundum á hvorri deild fyrir sig. Unnið er með Lubbahljóð vikunnar í tvær vikur í senn. Deildarstjórar bera ábyrgð á að skipuleggja Lubbaverkefnin fyrir sína deild. Ein Lubbastund er í hverri viku. Á yngri deild er lögð áhersla á málhljóðin/stafahljóðin en á eldri deild er unnið meira með stafinn sjálfan s.s. finna orð, skoða letur o.fl.

Lubbi (bangsinn) ásamt skráningarbók fer heim með börnunum í helgarfrí. Markmið heimsóknanna er að virkja þátttöku foreldra/forráðamanna í skólastarfinu, örva samræður, auka orðaforða, efla alhliða málþroska og félagsfærni barnsins. Í sameiningu er skrifuð stutt frásögn af því sem þau upplifðu saman, og myndir límdar inn. Einnig eru fundin orð tengd stafahljóði vikunnar og þau skrifuð í bókina. Þessi upplifun er síðan kynnt í Lubbastund þar sem börnin segja frá öllu saman og sýna myndirnar.

Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluaðferð þróuð af Kristínu Einarsdóttur sem gengur út á kennslu í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan og líflegan hátt. Aðferðin er hugsuð út frá þörfum barna á aldrinum 2 – 9 ára til að hreyfa sig og upplifa nám í gegnum mismunandi skynfæri.

Í Skýjaborg er aðferðin helst notuð í skipulögðum stundum þar sem kennarinn skipuleggur rýmið með hreyfingu og nám í huga. Útbúnaður eru þrautabrautir, stöðvar eða aðstaða til hreyfingar og námsmarkmið fléttuð inn í hreyfistundina.



Matstæki í leikskóla og íhlutun

Upphaf leikskólagöngu og aðlögun

Þegar foreldrar/forráðamenn hafa fengið staðfest pláss í Skýjaborg fá þeir sent í tölvupósti Foreldrahandbók Skýjaborgar, aðlögunaráætlun (sjá viðauka 6) ásamt upplýsingaformi sem þeir eru beðnir um að fylla út. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir að kynna sér þetta efni fyrir fyrsta daginn sem barnið er í leikskólanum. Mikilvægt er að barn fái góðan tíma til að aðlagast leikskólanum og er aðlögunartími skipulagður í samvinnu og samráði við foreldra/forráðamenn. Þeir fá tækifæri til að dvelja með barninu og kynnast starfsfólki og starfinu í leikskólanum í aðlögunarferlinu. Smám saman er dregið úr viðveru foreldra/forráðamanna í leikskólanum og barnið aðlagast leikskólanum. Að jafnaði tekur aðlögun um vikutíma.

Á fjórða degi aðlögunar fá foreldrar/forráðamenn fund með leikskólastjóra þar sem farið er yfir ýmsar upplýsingar um leikskólann og foreldrasamstarfið ásamt því að foreldrum er gefið tækifæri til að spyrja spurninga og segja frá sinni upplifun þessa fyrstu daga. Á þessum upphafsfundi er farið yfir helstu matstæki sem leikskólinn notar m.a. við snemmtæka íhlutun í mál og læsi og tilgang þeirra.

Kynningafundir/foreldrafundir

Á hverju hausti er haldinn opinn foreldrafundur á hvorri deild fyrir sig. Farið er yfir starfsemi leikskólans, deildarstarf vetrarins, áherslur/reglur, starfsfólk kynnt ásamt því að farið er yfir hvað er eðlileg framvinda í málþroska ungra barna. Foreldaviðtöl eru að jafnaði tvisvar sinnum á ári en hægt er að óska eftir viðtali eftir þörfum hvort sem er hjá deildarstjóra eða leikskólastjóra.

Hlutverk sérkennara og leikskólastjóra í snemmtækri íhlutun

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008, 22. gr. segir: „Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga“. Markmið sérkennslu innan leikskólans er að **jafna möguleika barna til að þroskast** þannig að þau geti notið leikskóladvalar sinnar til fullnustu. Sérkennari Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er einn dag í viku í Skýjaborg. Sérkennari ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu í leikskólanum. Hann ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og gerð einstaklingsnámskráa

með deildarstjóra ásamt því að stýra gerð verkefna og því að íhlutunar- og kennsluáætlunum sé framfylgt. Sérkennari er í nánú samstarfi við leikskólastjóra. Leikskólastjóri heldur utan um öll mál sem snúa að sérkennslu við leikskólann og situr alla teymisfundi þegar málefni barnsins eru rædd. Sérkennari, leikskólastjóri og deildarstjóri hvernar deildar fara reglulega yfir barnahópinn og meta hvort þörf sé á frekari íhlutun og/eða utanaðkomandi mati annarra sérfræðinga. Skólaárið 2022-23 var varið af stað með tilraunaverkefni um ráðningu og starf leikskólasérkennara. Starfið er í mótun en hann framfylgir starfslýsingu leikskólasérkennara FL, sér um þá sérkennslu sem þörf er á hverju sinni í nánú samstarfi við sérkennara, talmeinafræðing og aðra sérfræðinga eftir þörfum. Leikskólasérkennarinn sér einnig um framkvæmd *HLJÓM-2* og aðstoðar við *TRAS* skráningu.

Hlutverkaskipting við snemmtæka íhlutun



Matstæki

Í upphafi leikskólagöngu barns og í viðtölum er foreldrum bent á reglubundin eftirlit sem fram fara á vegum heilsugæslustöðva og í leikskólanum. Ef áhyggjur vakna í ungbarnaeftirliti á heilsugæslunni, í 18 mánaða, 2 1/2 árs skoðun eða 4 ára skoðun, út frá PEDS spurningalistanum eða á BRIGANCE þroskamati sendir hjúkrunarfræðingur skriflegar niðurstöður til leikskólans með upplýstu samþykki foreldris/forráðamanns. Leikskóli bregst

við með íhlutun og beiðni til viðeigandi sérfræðings (með samþykki foreldra), s.s. talmeinafræðings og/eða sálfræðings.

Þrjú matstæki eru lögð fyrir öll börn í Skýjaborg í þeim tilgangi að fylgjast með almennum þroska þeirra. Þetta eru *TRAS*, *HLJÓM-2* og *MIO*. Þá eru öllum niðurstöðum skilað til foreldra/forráðamanna í foreldraviðtölum eða fyrr á formlegum fundi. Komi fram frávik í niðurstöðum matstækjanna tekur við ferli sem farið er yfir í næsta kafla.

Formlegt mat í leikskólanum hefst eftir 2ja ára aldur barns. Stór hluti barna hefja leikskólagöngu sína við 12-16 mánaða aldur í Skýjaborg. Því hefst snemmtæk íhlutun strax inni á deild án þess að formlegt mat liggi fyrir. Starfsfólk leikskólans fylgist með þroska, hegðun og líðan barna. Ef áhyggjur vakna ræðir deildarstjóri við foreldra og leggur til formlegt mat s.s. *Orðaskil* og *Smábarnalistann*, viðmið um eðlilegan málþroska og aldursviðmið (sjá viðauka 7) auk eftirfarandi viðmiða um þörf fyrir frekari íhlutun:

Hvenær er þörf fyrir íhlutun fyrir 1 árs gamalt barn?		
Ef barnið:	Getur	Ekki enn
hefur ekki áhuga á tengslum við fólk		
myndar lítið af hljóðum		
hermir ekki eftir hljóðum		
byrjar ekki að segja „ma ma“ og „pa pa“ og tengja við mömmu og pabba		
sýnir ekki áhuga á leikföngum		
horfir ekki á algenga hluti þegar þeir eru nefndir		
getur ekki rétt hluti eftir beiðni		


Hvenær er þörf fyrir íhlutun fyrir 2 ára gamalt barn?		
Ef barnið:	Getur	Ekki enn
sýnir samskiptum við foreldra lítinn áhuga		
reynir ekki að ná athygli fólks og sýnir lítið augnsamband		
tjáir sig lítið með orðum en notar mest bendingar og ýmis hljóð		
segir innan við 10 orð		
fer ekki eftir einföldustu fyrirbærum		
sýnir ekki viðeigandi notkun hluta		

(Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021)

TRAS

TRAS er fagleg athugun á málþroska ungra barna í daglegum aðstæðum. *TRAS* skráningarlistinn er ætlaður til stuðnings fyrir fagfólk í leikskólum svo hægt sé á markvissan hátt að skipuleggja málörvun í daglegu starfi. Með réttri skráningu samkvæmt *TRAS* er hægt að fylgjast með og fá yfirsýn yfir framvindu málþroska hjá barni og fá vísbendingar um hvar það er stöð í málþroska á ákveðnum tímapunkti, hver þróunin er og einnig vísbendingar um það hvort málþroski barns sé aldurssvarandi.

Fyrsta skráning er gerð þegar barnið er rúmlega tveggja ára gamalt og lýkur við fimm ára aldur. Skráning fer fram tvisvar á ári með sex mánaða millibili og er það leikskólakennari sem sótt hefur réttindanámskeið sem skráir svör við ákveðnum spurningum um málþroska hvers barns. Leikskólakennari gæti þurft að fá nákvæmari mynd frá foreldrum og/eða öðru starfsfólki leikskólans, samstarf milli leikskóla og heimilis gæti skipt miklu máli fyrir framfarir barnsins. Spurningarnar á skráningarblaðinu eru flokkaðar í þrjú færnisvið sem hvert um sig skiptist í nokkra þætti: Fyrsti flokkurinn er samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting, annar flokkurinn er málskilningur/málvitund og þriðji flokkur er framburður/orðaforði og setningamyndun.



Unnið er með niðurstöðurnar eftir því hvaða þætti barnið þarf að styrkja. Eftir skráningu eru niðurstöður kynntar fyrir foreldrum í foreldraviðtölum (Björk Alfreðsdóttir o.fl., 2013).

HLJÓM – 2

HLJÓM-2 er aldursbundið próf sem kannar hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum). *HLJÓM-2* byggir á sjö mismunandi verkefnum/leikjum sem reyna á hljóðkerfis- og málvitund barna en þau eru rím, samsett orð, samstöfur, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging.

Niðurstöður prófsins birtast sem góð færni, meðal færni, slök færni eða mjög slök færni. *HLJÓM-2* er lagt fyrir að hausti og fyrirlögnin endurtekin að vori eftir íhlutun ef börn koma út með slaka eða mjög slaka færni (Ingibjörg Símonardóttir o.fl., 2002). Foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um niðurstöður. Í framhaldi er niðurstöðum skilað til grunnskólans.

MIO



MIO er skimunarefni til að meta stærðfræðiproska barna á aldrinum 2-5 ára í daglegum aðstæðum. *MIO* er verkfæri fyrir starfsfólk leikskóla til að efla meðvitund um að stærðfræði sé inni í daglegu starfi leikskólans og finna þau börn sem fylgja ekki eðlilegu ferli í vitsmuna- og málþroska. *MIO* stendur fyrir Matematikken – Indivídet og Omgivelsene. Í íslenskri þýðingu Stærðfræðin – Einstaklingurinn og Aðstæðurnar. *MIO* byggir á þremur meginhlutum stærðfræðinnar: þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi (Davidsen, o.fl., 2017).


Fyrsta skráning er gerð þegar barnið er í kringum 2,5 árs aldur. Skráð er einu sinni á ári og skráningum er lokið fyrir 5 ára aldur. Starfsfólk deildarinnar gerir skráninguna saman en leikskólakennari eða deildarstjóri fer að lokum yfir skráningarnar. Mögulega er einnig leitað til foreldra/forráðamanna til að fá nákvæmari mynd af stöðu barnsins.

Unnið er með niðurstöður eftir því hvaða þætti barnið þarf að styrkja. Eftir skráninguna eru niðurstöður kynntar fyrir foreldrum/forráðamönnum í foreldraviðtölum.


Viðbrögð við frávikum og íhlutun

Í leikskólanum er notast við ýmsar aðferðir við íhlutun eða frekari matstæki eftir því hverjar þarfir og markmið eru hverju sinni í allri vinnu með börnin. Komi fram frávik við prófanir, óformlegar athuganir eða skimanir fara eftirfarandi verkferlar af stað í leikskólanum til að tryggja viðeigandi íhlutun.

Verkferlar matstækja Viðbrögð við þjálfunarpörf



Tví- eða fjöltyngi



Þegar niðurstöður matstækja liggja fyrir er ákvörðun tekin um framhald í samráði við foreldra/forráðamenn. Skoðað er hvort almennt þroski eða málþroski séu undir meðaltalsgetu og hvort þörf er á áliti talmeinafræðings eða annarra sérfræðinga. Foreldrar/forráðamenn eru fengnir á fund til að fara yfir niðurstöður og skipuleggja næstu skref. Einstaklingsáætlun er gerð í framhaldinu þar sem markmið eru sett fram. Foreldrar/forráðamenn fá eintak af einstaklingsáætlun því samstarf milli heimilis og skóla er mikilvægt til að barnið nái þeim markmiðum sem sett eru fram. Einstaklingsnámskrá er endurmetin reglulega. Deildarstjóri og sérkennari bera ábyrgð á því að miðla upplýsingum til starfsfólks leikskólans.

Við gerð einstaklingsáætlana er m.a. notast við *AEPS – matskerfið (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children)* sem er hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskráa í fimm skrefum. Í skrefi eitt og tvö er upplýsingum safnað frá foreldrum og leikskólanum þar sem styrkleikar og veikleikar barnsins eru skoðaðir. Í skrefi þrjú eru markmiðin valin, fjórða skref felst í því að forgangsraða og velja markmið sem líklegt er að barnið nái og síðasta skrefið er að skrifa niður markmið og þær leiðir sem eru notaðar til að ná markmiðunum. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagfólks við gerð markmiða og sérstakur matslisti fyrir foreldra fylgi. *AEPS-matskerfið* nýtist til að meta færni barna á sex þroskasviðum sem eru fín- og grófhreyfingar, vitrænir þættir, aðlögun, félagsleg tjáskipti og félagslegt samspil. Niðurstöður listans eru notaðar við einstaklingsnámskrár og til að skipuleggja íhlutun við hæfi út frá niðurstöðum matskerfisins (Aðalheiður Una Narfadóttir o.fl., 2015).

Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf sem er ætlað fyrir börn á aldrinum 18 mánaða – 3 ára. *Orðaskil* er lagt fyrir þegar grunur um frávík í málþroska vaknar. Höfundur prófsins er dr. Elín Þöll Þórðardóttir talmeinafræðingur. Prófinu er ætlað að meta orðaforða og færni ungra barna í beygingarkerfi og setningargerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu en með samanburði við þau er skoðað hvort málþroski barna á þessum aldri falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Prófið skiptist í tvo hluta: Orðaforðagátlista og setningargerð. Ekki er verið að skoða framburð og framburðarfrávík, í fullri lengd er prófið einungis ætlað fyrir talmeinafræðinga en sú útgáfa sem notuð er í leikskólanum er styttri útgáfa af sama prófi (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

Smábarnalistinn

Smábarnalistinn er lagður fyrir þegar grunur vaknar um frávik í þroska 1-2ja ára barna. Hann er frumsaminn og staðlaður þroskalisti til að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg ungbarna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Höfundar prófsins eru Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson (2005).

Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn er lagður fyrir þegar grunur um frávik í þroska vaknar. Hann er ætlaður 3 - 6 ára börnum. Mæður svara listanum og meta getu barns á mál- og hreyfisviði. Prófbættir eru málþáttur (hlustun, tal og nám) og hreyfiþáttur (grófhreyfingar, skynhreyfingar og sjálfsbjörg). Til samans mynda undirprófin sex eina þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barnsins að mati móður. Höfundar prófsins eru Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson (1997).

Gefðu 10

Aðferðin „Gefðu 10“ er ætluð til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn. Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið skapast námstækifæri út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni. Þegar allt starfsfólk á deildinni gefur barninu 10 mínútur daglega (10x1 mínútu, 5x2 mínútur eða lengur) fær barnið, sem er að læra íslensku sem annað mál aukalega 30-40 mínútna jákvæð, málörvandi samskipti í leik og frjálsum aðstæðum til viðbótar við annað skipulagt starf á deildinni. Í bæklingi sem fylgir aðferðinni er bent á mikilvægi þess að fylgjast með samskiptunum t.d. með því að skrá niður eða nýta teygjur á úlnið til að fylgjast með hversu mikill tími þegar hefur verið nýttur (Fríða B. Jónsdóttir, e.d.).

Með því að gefa 10 er verið að örva málþroska, auka samskipti, fjölga námstækifærum barnsins og skapa rými til virkrar þátttöku. Barnið upplifir að það tilheyrir barnahópnum og öðlast betri trú á eigin getu. Vel undirbúin málörvun, lestrarstundir og vinna með milliorðaforðann og flóknari hugtök eru viðfangsefni sem síðan þarf að sinna jöfnum höndum.

Tákn með tali

Í Skýjaborg er tjáskiptaaðferðin *Tákn með tali (TMT)* notuð, en hún byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Um náttúruleg tákn er að ræða svo sem bendingar, látbragð, svipbrigði að viðbættum táknum úr táknmáli heyrnalausra. Aðferðin var upphaflega þróuð fyrir nemendur með mál- og þroskaraskanir en hún er málörvandi fyrir öll ung börn og nýtist því vel í fjölmennningarlegu umhverfi til dæmis í leik- og grunnskólum. TMT er alltaf notað samhliða talmáli og eru þá aðeins aðalorð setninga táknuð (Ráðgjafar- og greiningarstöð b, e.d.).



Í leikskólanum fá börnin tákn fyrir fyrsta hljóðið í nafninu sínu eins og þau koma fyrir í Lubbasmiðjunni en táknin í henni eru sótt í smíðju TMT. Lögð eru fyrir 1-2 tákn hálfsmánaðarlega sem tengjast t.d. markmiðum mánaðarins eða áherslum hverju sinni. Kennari á Regnboga er ábyrgur fyrir því að velja tákn, kynna fyrir starfsfólki og foreldrum og að táknin séu lögð inn á deildum.

Sjónrænt skipulag

Í Skýjaborg eru myndrænar upplýsingar mikið notaðar í daglegu starfi til að ýta undir boðskiptafærni allra barna. T.a.m. er dagskipulag sýnilegt á deildum, í fataherbergi eru sjónrænar vísbendingar um klæðnað dagsins, á salernum eru leiðbeiningar um handþvott og þar sem hópastundir eru, eru *Bínmyndir* um viðeigandi hegðun og boðskipti. Starfsfólk hefur einnig myndir á lyklakippum um hálsinn með *Bínureglunum*.



PECS

PECS (e. the picture exchange communication system) er myndrænt boðskiptakerfi sem hentar börnum á öllum þroskastigum sem hafa takmarkaða eða litla boðskiptafærni eða málþroska og er unnið samkvæmt ef þörf er á. Boðskiptakerfið hentar einstaklingum með röskun á einhverfurófi, frá leikskólaaldri og upp í fullorðinsaldur. Ekki er krafist sérstakrar undirstöðufærni hjá barninu né talmáls við upphaf þjálfunar. Með PECS boðskiptaþjálfun er lögð höfuðáhersla á þjálfun frumkvæðis til boðskipta og málhegðun en ekki talmál. Aukin boðskiptafærni barna eftir PECS þjálfun hefur hins vegar haft jákvæð áhrif á þróun talmáls.

Myndir og/eða önnur tákn eru notuð til að þjálfra virk boðskipti. Barnið er þjálfað í að skipta á mynd og því sem það langar til að fá. Afmarkaðar þjálfunaræfingar PECS fela í sér að barni stendur til boða eða er sýndur hlutur (greinireiti), barnið tekur mynd af hlutnum og afhendir viðmælanda (svörun), barnið fær það sem það bað um með myndinni (styrkir). Stýringar eru notaðar ef þörf er á, til að fyrirbyggja að barnið geri mistök. Þjálfuninni er skipt í 6 stig og eru skýr markmið og nákvæmar leiðbeiningar fyrir hvert þeirra. PECS þjálfun á sér stað samhliða heildstæðri þjálfun sem nær til allra þroskaþátta (Ráðgjafar- og greiningarstöð, 2020).

TEACCH

Í Skýjaborg fá öll börn með greiningu á einhverfurófi þann stuðnings sem þau þurfa á að halda. Þegar barn greinist með frávík á einhverfurófinu hafa foreldrar/forráðamenn val um hvort notuð er hugmyndafræðin TEACCH (e. *Treatment and education of autistic and related communication handicapped children*) eða atferlisíhlutun og sækja stuðningsaðilar viðeigandi námskeið á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöð.

Skipulögð kennsla er kennsluaðferð byggð á hugmyndafræði TEACCH sem er ætluð einstaklingum á einhverfurófi. Aðferðin var þróuð af Eric Schopler prófessor við Háskólann í Norður Karólínu í Bandaríkjunum með það að markmiði að auðvelda einstaklingum á einhverfurófi að skilja umhverfi sitt. TEACCH miðar að því að undirbúa einstaklinga á einhverfurófi fyrir virka þátttöku í samfélaginu og er því áhersla lögð á að aðlagða umhverfið að þörfum einstaklingsins með því að styðjast við sjónrænar vísbendingar, skipuleggja umhverfið svo að einstaklingurinn geti unnið á sjálfstæðan hátt (Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir, 2018). Skipulögð kennsla byggir á því að skipuleggja umhverfið, setja upp sjónræna stundatöflu og vinnukerfi fyrir einstaklinginn til að veita honum góða yfirsýn yfir það

sem er framundan. Skipulagða kennslu er hægt að framkvæma hvar sem er en einstaklingskennsla er samt sem áður mikilvægur þáttur í dagsskipulaginu því oft á tíðum skortir einstaklingum á einhverfurófi frumkvæði til að læra nýja hluti. Þá er gott að kenna nýja færni með einstaklingskennslu og þegar færnin er náð er hægt að færa hana yfir í aðrar aðstæður (Ráðgjafar- og greiningarstöð a, e.d.).

Atferlisíhlutun

Atferlisíhlutun er markviss og árangursrík leið til að hafa áhrif á hegðun ásamt því að byggja upp margvíslega færni hjá börnum. Með atferlisíhlutun er reynt að gera barninu kleift að öðlast sem mest sjálfstæði og geti notið hæfileika sinna, átt gefandi samskipti við aðra og lifað sem innihaldsríkustu lífi. Markmiðasetningar og einstaklingsnámskrár geta verið ansi ítarlegar og til að halda utan um framfarir hjá barninu er notast við matslista til að meta færni barnsins. Horft er til þarfa barnsins með hliðsjón af því sem jafnaldrar eru að gera, einnig er tekið mið af styrkleikum, áhugasviði og óskum foreldra. Atferlisíhlutun er að mestu bein einstaklingskennsla. Yfirleitt eru athafnir og leikir brotnir niður í lítil skref, sem eru kennd á kerfisbundinn hátt og smátt og smátt eru þau tengd saman í lengri og flóknari athafnir. Einnig er náttúruleg kennsla notuð til að kenna barninu færni í náttúrulega umhverfi þess þar sem hinn fullorðni fylgir áhuga og frumkvæði barnsins og kennslan felld inn í daglegt líf þess (Ráðgjafar- og greiningarstöð, 2018).

Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á því næsta. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Til að skapa börnum öryggi og ný námstækifæri er mikilvægt að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi þeirra. Sú þekking og þau viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á. Jafnframt fá þau tækifæri til að takast á við áframhaldandi krefjandi verkefni og öðlast nýja reynslu.



Markmið skólasamstarfs

- Skapa samfellu í uppeldi og námi barna í leik- og grunnskóla.
- Stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Hlusta á raddir barna og foreldra, efla lýðræði og áhrif þeirra á skólaskilin.
- Byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi starfsmanna þvert á skólastigin.
- Skapa samræðugrundvöll milli starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Tryggja upplýsingamiðlun milli skólastiganna.
- Auka sýmenntun starfsmanna þvert á skólastigin.

Vegna ólíkra starfshátta og umhverfis leik- og grunnskóla getur barn upplifað miklar breytingar við að fara á milli þessara skólastiga. Rannsóknir og reynsla hafa sýnt að samvinna, samfella og tengsl skólastiga veita börnum mikið öryggi á þessum tímamótum og geta auðveldað flutning milli skólastiganna. Til að auka samfellu á milli skólastiga í Hvalfjarðarsveit enn frekar er stoðþjónusta sameiginleg og nokkrir starfsmenn vinna á báðum starfsstöðvum, s.s. sérkennari, þroska- eða iðjupjálfi og leik- og grunnskólakennari. Persónuupplýsingar sem liggja fyrir um hvert barn í leikskóla, og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskólanum, skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt

16. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Leikskóla ber að senda upplýsingar með barni og láta foreldra vita um upplýsingagjöfina. Upplýsingar eru settar fram á skilafundi með fulltrúum

leikskóla og grunnskóla áður en barnið hefur grunnskólagöngu. Öll sérkennslugögn flytjast yfir af sérkennara skólans. Jafnframt er foreldrum skylt að veita upplýsingar um barnið sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Meðferð mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.



Flokkun á málörvunarefni

Til að auðvelda markvissa íhlutun flokkar leikskólinn leik- og námsefni skólans eftir því hvaða möguleika efnið gefur til markvissrar málörvunar. Hér má sjá hvernig málörvunarefni er flokkað eftir litum og í viðauka 8 má sjá nánari skýringar á því hvaða efniviður fellur í hvaða flokk og hvernig lagt er upp með að efniviðurinn sé notaður. Það málörvunarefni sem hentar hverjum aldri er staðsett á deildum og sameiginlegur efniviður í undirbúningsherbergi. Hjá efniviðnum er að finna flokkunarkerfi og leiðbeiningar um notkun efnisins. Sjá nánar í viðauka 8.



Framburður og hljóðkerfisvitund



Samleikur / félagsfærni

Tjáskipti / samskipti

Athygli / einbeiting



Málfræði

Málvitund, setningamyndun, málskilningur



Orðaforði



Heyrnarminni / vinnsluminni

Uppbygging málörvunarstunda

Börn 1 – 3 ára

Á þessum aldri er mikilvægast að vinna að því að efla og auka orðaforða og hjálpa barninu að tjá sig og segja frá. Við byrjum á því einfalda og því sem barnið tengir við.

Orðaforði lærist í daglegum samskiptum og með lestri bóka og því er mikilvægt er að börnin njóti bókalesturs á hverjum degi og/eða hlusti á sögur. Hér skal byrja að vinna með *Bínureglurnar* til að efla færni í að hlusta og taka þátt (bíða, sitja kyrr, hlusta, skiptast á og muna). Með því að setja orð á athafnir, s.s. hvað við erum að gera og hvernig okkur líður, kennum við orðaforða daglegs lífs sem er forsenda þess að börnin geti lært hærra stigs orðaforða.

Á þessum aldri er byrjað að vinna með ritmálið (byrjum að byggja upp sjónrænan orðaforða). Börnum er bent á að það sem hægt er að segja má líka skrifa niður auk þess er athygli þeirra vakin á texta í bókum og hvernig ritmálið er notað til að merkja hluti s.s. nafn barna.

Málörvunarstundir Dropinn

Í hverjum hópi eru 4-6 börn og 1-2 starfsmenn. Annar starfsmaður sér um stundina en hinn er til aðstoðar s.s. að hjálpa börnunum að fylgja reglum og taka þátt. Markmið er að hafa stundirnar í rólegu umhverfi og ná einbeitingu hjá hópnum. Staðsetning getur verið á gólfi eða við borð eftir verkefnum hverju sinni. Byrjað er á að bjóða hópinn velkominn í samverustund, farið yfir Bínureglur og dagskrá stundarinnar með sjónrænum vísbendingum. Miðað er við 1-2 verkefni í hverri stund eftir aldri og þroska. Síðan er Bínureglan *muna* æfð og farið yfir það sem gert var í stundinni. Í lokin er þakkað fyrir og börnin kveðja. Í viðauka 9 má finna sjónræna uppsetningu af verkferil fyrir málörvunarstundir. Í eftirfarandi töflu má sjá áhersluþætti og aðferðir við málörvun:

Áherslupáttur	Aðferðir
Hljóðkerfisfærni	Æfum rím með vísum, þulum og bullrímm. Æfum hrynjanda með því að klappa atkvæði orða. Hlustum eftir hljóðum í orðum og skoðum stafi. <i>Lubbi finnur málbein.</i> Æfum stafahljóð. Leggjum inn hugtökin fremst – í miðju – aftast / fyrst – síðast – í enda. Notum athafnir daglegs lífs til að efla hljóðkerfisvitund barna.
Orðaforði og málskilningur	Góðar málfyrirmyndir. Förum í augnhæð barna. Setjum orð á athafnir og hugsanir. Veitum fjölbreytt tækifæri til upplifana, rannsaka, snerta og prófa. Lesum bækur m.t.t. aldurs og þroska daglega. Spilum saman. Æfum og leikum leikrit. Vinum með grunnorðaforða og 2. lag orðaforðans. Notum bækur og myndir til að kenna ákveðinn orðaforða. Horfum til aðferðafræði <i>Orðaspjalls</i> við lestur bóka og innlögn orðaforða. Hvetjum börn til að nota ný orð sem þau hafa lært.
Hlustun og máltjáning	Kennum Bínureglurnar hlusta – sitja kyrr – passa hendur - muna og skiptast á. Spilum saman. Vekjum athygli barna á hljóðum t.d. umhverfishljóðum. Æfum börn í að fylgja fyrirmælum, fyrst einföldum og síðan margföldum. Setjum upp fjölbreyttar aðstæður þar sem börn þurfa að tjá sig. Hlustum á sögur og frásagnir, spyrjum út úr. Æfum og leikum leikrit. Spyrjum opinna spurninga. Veitum tjáningu barna athygli og endurgjöf. Nýtum daglegt starf í málörvun.
Ritmál	Merkjum það sem tilheyrir barni. Bendum börnum á þegar við lesum texta. Höfum ritmál sýnilegt. Þjálfum fínhyfingar. Kennum börnum að merkja verk sín. Leikum með stafi og ritmál (leikur að læra). Vekjum athygli á hljóðum stafa.

Börn 3-6 ára

Áfram er mikil áhersla á orðaforða og tjáningu barna. Á þessum aldri á að vera stígandi í þjálfun hljóðkerfi þátta skv. áðurnefndum viðmiðum. Vinna með rím, hljóð, atkvæði, sundurgreiningu og samtengingu hljóða á að vera markviss auk þess sem vinna skal að því að byggja upp sjónrænan orðaforða og gera börnum grein fyrir tilgangi bókstafa og hljóða.



Bætt er í orðaforða með bóklestri og unnið að því að efla grunnorðaforða auk orðaforða úr 2. lagi orðaforðans. Daglegur bóklestur/ hlustun er mikilvægur auk þess sem börnin eru hvött til frásagna úr þeirra daglega lífi. Áfram er unnið með *Bínureglurnar* til að efla færni í að hlusta og taka þátt (bíða, sitja kyrr, hlusta, passa hendur, muna og skiptast á). Lögð er áhersla á munnleg fyrirmæli og færni barna efla í að fara eftir margföldum skilaboðum (fyrst, svo og síðan).

Bætt er í ritmálspekkinguna með því að hafa algeng orð sýnleg og þannig eflum við sjónrænan orðaforða barnanna. Það er gert með því að hafa stafi (stóra og litla) sýnilega og leika með bókstafi í fjölbreyttu starfi. Með Lubbaverkefnum er unnið bæði með bókstafi og stafahljóð í málörvun. Grunnur að ritunarfærni er lagður á leikskólaaldri þegar börnin efla fínhyrningafærni sína með því að nota ritfæri til að krita, teikna og skrifa. Börnin eru hvött til að merkja sín verkefni með nafninu sínu og nöfn þeirra höfð sýnileg á deildinni. Ritunaræfingum barna er sýndur áhugi með hvatningu og aðstoð.

Málörvunarstundir Regnboginn

Í hverjum hópi eru 6-8 börn og 1-2 starfsmenn. Markmið er að hafa stundirnar í rólegu umhverfi og ná einbeitingu hjá hópnum. Staðsetning getur verið á gólfi eða við borð eftir því sem við á. Byrjað er á að bjóða hópinn velkominn í samverustund, farið yfir Bínureglur og dagskrá stundarinnar (sjónrænt). Unnið er með 2-3 verkefni í hverri stund. Síðan er Bínureglan *muna* æfð og farið yfir það sem gert var í stundinni. Í lokin er þakkað fyrir sig og börnin kveðja. Í viðauka 9 má finna sjónræna uppsetningu af verkferil fyrir málörvunarstundir. Í eftirfarandi töflu má sjá áhersluþætti og aðferðir við málörvun:

Áherslupáttur	Aðferðir
Hljóðkerfisfærni	Æfum rím með vísum, þulum og bullrím. Æfum hrynjanda með því að klappa atkvæði orða. Hlustum eftir hljóðum í orðum og skoðum stafi. <i>Lubbi finnur málbein.</i> Æfum stafahljóð. Leggjum inn hugtökin fremst – í miðju – aftast / fyrst – síðast – í enda. Notum athafnir daglegs lífs til að efla hljóðkerfisvitund barna.
Orðaforði og málskilningur	Góðar málfyrirmyndir. Förum í augnhæð barna. Setjum orð á athafnir og hugsanir. Veitum fjölbreytt tækifæri til upplifana, rannsaka, snerta og prófa. Lesum bækur m.t.t. aldurs og þroska daglega. Spilum saman. Æfum og leikum leikrit. Vinum með grunnorðaforða og 2. lag orðaforðans. Notum bækur og myndir til að kenna ákveðinn orðaforða. Horfum til aðferðafræði <i>Orðaspjalls</i> við lestur bóka og innlögn orðaforða. Hvetjum börn til að nota ný orð sem þau hafa lært.
Hlustun og máltjáning	Kennum Bínureglurnar hlusta – sitja kyrr – passa hendur - muna og skiptast á. Spilum saman. Vekjum athygli barna á hljóðum t.d. umhverfishljóðum. Æfum börn í að fylgja fyrirmælum, fyrst einföldum og síðan margföldum. Setjum upp fjölbreyttar aðstæður þar sem börn þurfa að tjá sig. Hlustum á sögur og frásagnir, spyrjum út úr. Æfum og leikum leikrit. Spyrjum opinna spurninga. Veitum tjáningu barna athygli og endurgjöf. Nýtum daglegt starf í málörvun.
Ritmál	Merkjum það sem tilheyrir barni. Bendum börnum á þegar við lesum texta. Höfum ritmál sýnilegt. Þjálfum fínhyfingir. Kennum börnum að merkja verk sín. Leikum með stafi og ritmál (leikur að læra). Vekjum athygli á hljóðum stafa.

Yfirlýsingar í hlutunum inn á deild



Okkar öflugasta leið til að veita börnum markvissa málörvun í öllu daglegu starfi er að láta allt daglegt starf ganga í róleghættum. Hafa t.d. alltaf fá börn í einu í fataherbergi til að hafa tíma til að spjalla, leggja orð á allar athafnir og hvetja börnin til sjálfshjálpar. Starfsmenn skiptast á rými inn á deildum og einnig á útisvæði svo alltaf sé starfsmaður á hverju svæði þar sem börn eru til að geta spjallað, grípa tækifæri að lesa, veita athygli þegar vel gengur hjá börnunum í leik og aðstoða

þau sem þurfa.

Öll börn fá eina skipulagða málörvunarstund á dag í ekki of stórum hóp. Ef talið er að barnið þurfi meiri örvun þá hittir sérkennari það aukalega. Einnig hittir sérkennari frá grunnskóla barnahópinu einu sinni í viku og er með skipulagða málörvun eftir þörfum.

Ritmál er sýnilegt á deildum þar sem hlutir eru merktir með nafni, sjónrænt skipulag fyrir dagskipulag, klósettferðir, í fataherbergi fyrir útiklæðnað og eftir þörfum það sem leggja þarf sérstaka áherslu á er hengt upp í sjónhæð barnanna. Börnin hafa alltaf aðgengi að bókum á báðum deildum. Á eldri deild er alltaf aðgengi að ritföngum en því er stýrt á yngri deild.

Allir starfsmenn hafa myndir af *Bínureglunum* á lyklakippu um hálsinn til að grípa til og minna börnin á samskiptareglur ef á þarf að halda auk þess sem *Bínureglurnar* eru sýnilegar á veggjum á báðum deildum þar sem börn eru við leik og í hópastundum.



Lokaorð

Verkefnið Snemmtæk íhlutun í mál og læsi er unnið sem þróunarverkefni og er því í sífelldri endurskoðun. Handbókinni er ætlað að ramma inn það starf sem þegar er unnið í leikskólanum, formgera áætlanir og samskipti og vera grunnur til að byggja áframhaldandi þróun íhlutunar í mál og læsi á.

Í gegnum þróunarferlið hefur farið fram krefjandi, upplýsandi og gagnleg umræða um stöðu þessa þáttar í leikskólastarfinu og gefið starfsfólki færi á að auka þekkingu sína á málþroska barna og forsendum læsis og ekki síst gefið því gagnlegar bjargar í skipulagningu og vinnu með mál og læsi með barnahópnum í heild sinni. Það er okkar von að svo verði áfram.

Til að sem mestur árangur verði af þróunarstarfi sem þessu er mikilvægt að segja ekki staðar numið við útgáfu handbókarinnar, heldur að tryggja að áfram verði unnið eftir bestu upplýsingum um mikilvægi inngrips í mál og læsi og þeim verkfærum sem líklegust eru til að skila sem bestum árangri hverju sinni. Í framhaldi af útgáfu handbókar mun starfshópur sem kom að vinnu hennar halda áfram að hittast og meta árangur af starfinu og þörf fyrir endurskoðun eða viðbætur við handbókina. Einnig mun starfshópurinn hafa það verkefni að tryggja að allir nýjir starfsmenn fái kynningu á verkefninu, tíma til að lesa handbókina og leiðsögn við þær aðferðir sem leikskólinn nýtir í mál og læsi. Einnig verður áfram lögð áhersla á að kynna þetta þróunarverkefni fyrir foreldrum/forráðamönnum.

Að lokum viljum við koma kærum þökkum til Ásthildar og Halldóru sem veittu okkur ómetanlega aðstoð, faglega leiðbeiningu, hvatningu og mikla gleði við innleiðingu þróunarverkefnisins. Einnig færum við Menntamálastofnun þakkir fyrir að samþykkja þátttöku okkar í verkefninu og Hvalfjarðarsveit fyrir veittan stuðning við verkefnið.

Þórdís Þórisdóttir, leik- og grunnskólakennari
Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri
Agnieszka Aurelia Korpak, deildarstjóri
Bára Tómasdóttir, deildarstjóri
Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari
Starfsfólk leikskólans Skýjaborgar

Heimildaskrá

- Aðalheiður Una Narfadóttir, Atli Freyr Magnússon, Helga Kristinsdóttir og Þórunn Halldórsdóttir. (2015). *AEPS, færnimiðað matskerfi*. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Aðalnámskrá leikskóla (2011).
- Anna Sólveig Árnadóttir, Guðmundur Edgarsson og Guðbjörg R. Þórisdóttir. (2020). *Orðaforði: þrepin þrjú*. Menntamálastofnun. Sótt af: [https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/11/ordafordi %C3%B0repin3_2020.pdf](https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/11/ordafordi%C3%B0repin3_2020.pdf)
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (e.d.). *Að lesa fyrir börn - leiðbeiningar*. Sótt af: <https://lesvefurinn.hi.is/node/239>
- Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir. (2018). *Verkfærakista: Hagnýt ráð um kennslu nemenda á einhverfurófi*. Sótt af: https://www.einhverfa.is/static/files/skrar/verkfaerakista-isl.-skil-5.2_.pdf
- Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Höfundar.
- Ásthildur B., Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík, Sara Tosti. (2021). *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: verkfærakista hugmynda*. Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir.
- Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir. (2013). *TRAS Skráning á málþroska ungra barna*. Námsmatstofnun.
- Bryndís Guðlaugsdóttir og Freyja Birgisdóttir. 2017. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar) „*Leikum, lærum, lifum. Námssvið leikskóla og grunnþættir menntunar*“. Háskólaútgáfan.
- Bzoch, K.R. og Leagur, R. (1991). *Receptive expressive emergent language test: A method for assessing the language skills of infants: Examiner's manual* (2. Útgáfa). Pro-ed.
- Brooks, P.J. og Kempe, V. (2012). *Language Development*. Wiley-Blackwell.
- Carroll, J.M., Bowyer-Crane, C., Duff, F.J., Hulme, C., og Snowling, M. J. (2011). *Developing Language and Literacy: Effective Intervention in the Early Years*. Wiley Blackwell.
- Catts, H. W. og Kahmi, A.G. (1999). *Language and reading disabilities*. Pearson.
- Davidson, H. S., Løge, I. K., Lunde, O., Reikerås, E. Og Dalvang, T. (2017). *MIO: Stærðfræðin – Einstaklingurinn – Aðstæðurnar: Handbók* (Dóróþea Reimarsdóttir, Jóhanna Skaftadóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir þýddu). Gloppa sf.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Íslenski þroskalistinn: handbók*. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). *Smábarnalistinn: handbók*.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil. Málþroskapróf (Stytttri útgáfa)*. Framsaga.
- Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2014). *Hljóðasmiðja Lubba*. Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir.
- Fríða B. Jónsdóttir. (e.d.). *Gefðu 10: ekki bíða, byrjaðu strax!* Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.
- Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, (2010). „Látum þúsund blóm blómstra”: stefnumótun um skóla án aðgreiningar. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 61-77. Háskóli Íslands.
- Halldóra Sigtryggsdóttir, Saga Stephensen, Þorbjörg Halldórsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. (2021). *Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla*. Menntamálastofnun. Sótt af: https://mms.is/sites/mms.is/files/haefniramar_isl_fjoltyngd_4_-_leikskoli.pdf
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.). *Hljóðavitund*. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/211>
- Heyrnar- og talmeinafstöð Íslands (e.d.). *Þróun máls og tals barna*. Sótt af: <https://hti.is/index.php/is/tal/throun-mals-tals-barna>
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Iris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítyngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/08.pdf>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu, Sögubýgging og samloðun í frásögnum 165 fimm ára barna - almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 9-31.
- Hvalfjarðarsveit. (2022). *Menntastefna Hvalfjarðarsveitar 2022-2030*. Hvalfjarðarsveit. Sótt af: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/static/files/menntastefna-hvalfjardarsveitar-16.6.2022-lokautgafa-.pdf>
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). *HLJÓM-2: Handbók*. Útg. ekki getið.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Leikur og nám á mótum skólastiga*. Reykjavík: Rannung. Sótt af: <https://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/2020-07/baeklingurleikurnam.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska: Frá leikskólaaldri til fullorðinsára. *Netla- Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>
- Kamhi, A. G. og Catts, H.W. (2014). Reading Development. Í A. G. Kamhi og H. W. Catts (ritstj.). *Language and Reading Disabilities*. 3. Útg. Boston: Pearsons. (Bl.26-46).
- Lena Sólborg Valgarðsdóttir & Svanborg R. Jónsdóttir. (2016). Leikur og sköpun – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir

(ritstjórar). *Leikum, lærum, lifum: Námsgvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 95-122). RannUng og Háskólaútgáfan.

Læsisstefna leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. (2016). Sótt af: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/stefnur-og-aaetlanir>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

O'Connor, R. E. (2014). *Teaching word recognition. Effective strategies for children with learning difficulties*. Guilford Press.

Rannveig Jóhannsdóttir. (2011). Skrifa nafnið sitt í leikskóla og lesa í grunnskóla. Um þróun í læsi á meðal barna við lok leikskólagöngu. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/serrit/2011/menntakvika2011/023.pdf>

Ráðgjafar- og greiningarstöð. (2018). *Atferlisíhlutun* (Hagnýt atferlisgreining). Ráðgjafar- og greiningarstöð. Sótt af: <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/atferlisthjalfun>

Ráðgjafar- og greiningarstöð. (2020). *PECS*. Ráðgjafar- og greiningarstöð. Sótt af: <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/pecs-myndraent-bodskiptakerfi>

Ráðgjafar- og greiningarstöð a. (E.d.). *Skipulögð kennsla*. Ráðgjafar- og greiningarstöð. Sótt af: <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>

Ráðgjafar- og greiningarstöð b. (E.d.). *Tákn með tali*. Ráðgjafar- og greiningarstöð. Sótt af: <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/takn-med-tali>

Shanahan, T. og Lonigan, C. J. (2010). The National Early Literacy Panel: A Summary of the Process and the Report. *Educational Researcher*. 39 (4). Bls. 279-285. DOI: 10.3102/0013189X10369172,

Sigríður Ólafsdóttir. (2015). *The development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners*. (óútg. doktorsritgerð). Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/23061>

Stuart, M. og Stainthorp, R. (2016). *Reading Development & Teaching*. SAGE.

Tryggvi Sigurðsson. (2003). *Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir*. Sótt af <https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>

Viðaukar

Viðauki 1 Námskrár, stefnur og áætlanir

Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar -

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>

Deildanámskrár - <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/deildir-leikskolans>

Stefnur og áætlanir - <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/stefnur-og-aaetlanir>. Hér má meðal annars finna Læsisstefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og Gæðaviðmið fyrir mál og læsi í Skýjaborg.

Samþykktir og reglur - <https://www.hvalfjardarsveit.is/is/thjonusta/fraedslumal/fraedslumal-samthyktirreglur>. Hér má meðal annars finna Verklagsreglur fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

Viðauki 2 Lengi býr að fyrstu gerð veggspjald

LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ!



Lestur

Lesi daglega fyrir börnin.
Lesi á lífandi hátt.
Segja sögur.
Velja lesefni sem hæfir þroska og áhugamálum.
Ræða saman um lesefnið.
Skoða kápu bókarinnar og ræða um helti hennar.
Um hvað ætli bókin fjalli?
Hvað vitum við meira um það?
Lesi stuttan kafla og ræða innihaldið.
Spyrja „Af hverju heldur þú að ...?“
Spyrja út í söguna.
Vera góð lestrarfyrirmynd.
Vekja athygli á nýjum orðum og ræða merkingu þeirra.

Þessi bók heitir *Lífið í sveitinni*. Um hvað heldur þú að hún sé?

Af hverju heldur þú að stelpa í bókinni hafi verið leið?

Veistu hvað þýðir að vera dapur?

Hlustun

Hafa orð á hlutum og athöfnum.
Nota orð við mismunandi aðstæður.
Nota fjölbreyttan orðaforða.
Spyrja opinna spurninga.
Nota valspurningar.
Endurtaka orð og setningar rétt.
Vera góð málfyrirmynd.
Fá börnin til að hlusta á fyrirmæli og fara eftir þeim.!!!!

Viltu að ég setji skálmína yfir stígvélina og teygjuna undir?

Þarna voru tveir hundar áðan en núna er bara einn hundur.

Hljóðkerfisvitund

Ríma.
Klappa samstöfur.
Setja saman og taka í sundur orð.
Tengja saman staf og hljóð.
Hlusta eftir hljóðum í orðum.
Hlusta eftir brottfalli hljóða.

Hvaða orð verður til ef við setjum saman ljós og staur?

Tal

Gera kröfur um að börnin svari með orðum/setningum.
Hvetja börnin til að segja frá atburðum líðandi stundar.
Hvetja börnin til að tjá sig.
Kryfja málín með börnunum.
Nota ljósmyndir úr leikskóla-starfinu til að skapa samræður með börnunum.
Syngja og fara með þulur.

Hvað gerðir þú um helgina?

Eigum við að gá hvort við finnum einhvers staðar B?

Ritun

Vekja athygli á ritmálinu í umhverfinu s.s. bókstöfum, tölustöfum og orðum.
Kynna hljóð bókstafanna á fjölbreyttan hátt.
Glæða leik barnanna með bókstöfum.
Hafa aðgengi að málörvunarefni í spjaldtölvum.
Gott aðgengi að læsishvetjandi leikfni s.s. bókum, spilum, ritföngum, bókstöfum.
Telkna.
Gera hugtakakort.

Læsi snýst um svo miklu meira en **árangur** í skóla.
Það snýst um að geta nýtt sér þau
tækifæri sem lífið hefur upp á að bjóða.

Þegar barn er ekki farið að lesa sjálft

Barn með góðan málskilning hefur góðan orðaforða og hugtakaskilning en góður málskilningur er mikilvægasta forsendan fyrir árangri í námi. Allt nám fer fram á grunni tungumálsins, í gegnum hlustun, umræður, lestur og ritun og því er öflugur málskilningur mjög mikilvægur. Málskilningurinn þarf að dafna í takti við þroska og námslegar þarfir og því er mjög mikilvægt að efla hann allt frá fyrstu stundu. Orðaforðinn sem við notum í daglegu tali er nokkuð einhæfur en ritmálið er mjög fjölbreytt. Þetta er ástæðan fyrir því að bókalestur fyrir börn og spjall í kjölfarið hefur svo mikla þýðingu.

Þegar barn er farið að lesa sjálft

Eín besta leiðin til að kanna lesskilning barns og styðja það í átt að auknum lesskilningi er að veita því tækifæri til að spjalla um lesturinn. Það getur verið krefjandi að rekja atburðarás, að lýsa persónum, að greina frá staðreyndum eða orsök og afleiðingu en skýringarnar gefa okkur hugmynd um að hve miklu leyti barnið hefur skilið það sem það var að lesa. Spjall gefur barninu einnig tækifæri til að tengja efnið við elgin reynslu eða annað sem það hefur lesið og ekki síst þjálfar það barnið í að greina skipulega frá hugsunum sínum.



Auðvitað ræður aldur og þroski barnsins því hversu flóknar upplýsingar það getur gefið um efni texta en það skiptir miklu máli að gefa börnum tækifæri til að segja frá, að spyrja út í nýjan orðaforða eða annað sem er nýtt fyrir því. Sá orðaforði sem við notum mest elnskorðast við daglegar athafnir en bækur hafa að geyma allar hugmyndir og allan orðaforða heimsins. Þess vegna verðum við snjallari á því að lesa og nemendum með góðan orðaforða gengur betur í námi. Það er því til mikils að vinna!

Orð eru verkfæri hugsunarinnar – **Lestur** gerir alla snjalla!

THE LONGEST JOURNEY STARTS WITH A SINGLE STEP



Reading

Read daily to the children.
Read with expression.
Tell stories.
Choose reading material suitable for the developmental stage and interests of the child.
Discuss the content of the reading material with the child.
Contemplate the book's cover and its title.
What do you suppose the book is about?
What more do we know about it?
Read a short passage and discuss the content.
Ask „Why do you think that...?”
Ask questions about the story.
Be a good reading role model.
Draw attention to new words and discuss their meaning.

This book is called *Life on the farm*.
What do you suppose it's about?

Do you know what it means to be sad?

Why do you think the girl in the book was sad?

Speaking

Require the child to answer in words/sentences.
Encourage the child to talk about events from its daily life.
Encourage the child to express itself verbally.
Analyze issues verbally with the child.
Use photographs from everyday life of early readers to stimulate discussion.
Sing and recite rhymes.

What did you do this weekend?

Listening

Name things and actions in your surroundings.
Use the same words in a different context.
Use diverse vocabulary.
Ask open ended-questions.
Ask questions which require the child to choose between two or more options that demand more elaborate answers than just yes or no.
Repeat in a correct manner what the child has said.
Be a good role model in the use of spoken language.
Get the children to listen to directions and follow them!!!

Do you want me to put the trousers over the boot and the strap under it?

There were two dogs here earlier but now there is only one dog.

Shall we try and find a B somewhere?

Writing

Draw the child's attention to written words, letters and numbers in the environment.
Familiarize the child in various ways with each letter sound.
Enrich the children's games with letters.
Provide access to digital material that stimulates speech.
Provide access to material that stimulates reading, such as books, boardgames, stationery, letters.
Draw.
Make a concept map.

Phonological awareness

Rhyme.
Clap syllables.
Assemble and disassemble words.
Connect letters with sounds.
Pay attention to specific sounds in words.
Pay attention to phoneme deletion.

What word do we get if we put together „lamp” and „post”?

Reading is about so much more
than getting good **grades**.

It is about using the **opportunities** life has to offer.

When a child has not started reading by itself

A child with good language comprehension has good vocabulary and conceptual understanding. Good language comprehension is the most important prerequisite for successful learning. All learning is based on language and is achieved through listening, speech, reading and writing. Therefore good language comprehension is extremely important. Language comprehension needs to grow in parallel with the child's development and its educational needs. For this reason it is very important to strengthen it from the very beginning. The vocabulary we use in our daily lives is rather repetitive but text can be diverse and varied. For this reason, reading to children and discussing it afterwards is so important.

When a child has started reading by itself

One of the best ways to assess the child's reading comprehension and help it increase it, is to give it the opportunity to talk about what it has read. It can be challenging to describe a sequence of events or persons and characters, to give account of facts or cause and effect, but the child's descriptions can give us an idea of how well the child has understood what it has read. Discussions also give the child an opportunity to connect the subject to its own experiences or to something it read earlier. Not least, it gives the child practice in expressing its thoughts coherently.



Of course the age and developmental stage of the child determines the complexity of the information it can give about the content of a text, but it is important to give the child the opportunity to reflect and inquire about new words it has discovered. Our vocabulary is mostly limited to our daily activities, while books contain all the ideas and vocabulary of the world. That is why we get smarter by reading and students with good vocabulary do better in their studies. It is therefore a lot to gain!

Words are tools for thought – **Reading** makes everybody smarter!

CZYM SKORUPKA ZA MŁODU NASIĄKNIĘ...



Czytanie

Czytaj dzieciom każdego dnia.
Czytaj w sposób, który odzwierciedla świat, atmosferę i emocje przedstawione w książce.
Opowiadaj bajki.
Wybieraj lektury dostosowane do poziomu rozwoju dziecka oraz jego zainteresowań.
Rozmawiajcie o czytanej treści.
Obejrzyjcie wspólnie okładkę książki i porozmawiajcie o jej tytule.
O czym ta książka może opowiadać?
Czy wiemy coś więcej na ten temat?
Przeczytajcie krótki rozdział i porozmawiajcie o jego treści.
Pytaj: "Dlaczego sądzisz, że...?"
Zadawaj pytania dotyczące opowiedzianej w książce historii.
Bądź dobrym przykładem czytelnika.
Zwracaj uwagę dziecka na nowe słowa i omawiaj ich znaczenie.

Tytuł tej książki to "Życie na wsi". Jak myślisz o czym ona opowiada?

Dlaczego uważasz, że dziewczynka w książce była smutna?

Co robiłeś w weekend?

Mowa

Wymagaj od dzieci odpowiadania słowami/zdaniami.
Zachęcaj dzieci do opowiadania o tym, co się wydarzyło w ciągu dnia.
Zachęcaj dzieci do wypowiadania się.
Omawiaj z dziećmi kwestie problematyczne.
Wykorzystuj zdjęcia z przedszkola, aby inicjować rozmowy z dziećmi.
Recytuj rymowanki i śpiewaj.

Czy wiesz co to znaczy być smutnym?

Słuchanie

Nazywaj rzeczy i czynności.
W różnych sytuacjach korzystaj ze słów.
Używaj zróżnicowanego słownictwa.
Zadawaj pytania otwarte.
Korzystaj z pytań wyboru.
Powtarzaj słowa i zdania prawidłowo.
Bądź dobrym przykładem językowym.
Sprawiaj, żeby dzieci słuchały poleceń i je wykonywały!!!!

Czy chcesz, żebym założył nogawkę na kalosza, a gumkę pod buta?

Tam były przedtem dwa psy a teraz jest jeden pies.

Spróbujemy znaleźć B?

Pisanie

Zwracaj uwagę dziecka na język pisany w jego otoczeniu np. litery, cyfry i słowa.
W zróżnicowany sposób ucz głosek odpowiadających poszczególnym literom.
Urozmaicaj zabawę dzieci przy pomocy liter.
Korzystaj w tablecie z materiałów kształcących kompetencje językowe.
Zapewnij łatwy dostęp do materiałów i gier zachęcających do czytania np. książek, gier, literek.
Rysujcie.
Róbcie mapy myślowe.

Świadomość fonologiczna

Rymowanie.
Klaskanie sylab.
Tworzenie wyrazów poprzez łączenie i dzielenie słów.
Łączenie liter i głosek.
Rozpoznawanie głosek w wyrazach.
Rozpoznawanie pomijanych głosek w wyrazach.

Jakie słowo powstanie jeśli połączymy ze sobą słowa dobry i noc?

Poza **powodzeniem** w szkole, **umiejętność czytania** dotyczy też wielu innych aspektów. Chodzi o to, żeby być w stanie korzystać z nadarzających się w życiu **możliwość**.

Dziecko, które nie czyta jeszcze samodzielnie

Dziecko posiadające dobre kompetencje językowe korzysta z obszernego słownictwa i rozumienia pojęć. Kompetencje językowe stanowią podstawę powodzenia w kształceniu. Edukacja w całości odbywa się na poziomie językowym – poprzez słuchanie, dyskusje, czytanie i pisanie. Dlatego dobre kompetencje językowe są tak ważne. Kompetencje językowe powinny rozwijać się odpowiednio do tempa rozwoju oraz edukacyjnych potrzeb dziecka, dlatego bardzo ważne jest wspieranie ich od samego początku. Słownictwo z którego korzystamy w codziennych rozmowach, jest dosyć ograniczone, natomiast treści pisane charakteryzują się zróżnicowanym słownictwem. Dlatego też czytanie książek dzieciom i rozmowy na ich temat są tak bardzo istotne.

Kiedy dziecko potrafi czytać

Jednym z najlepszych sposobów na sprawdzenie u dziecka poziomu czytania ze zrozumieniem i doskonalenie tej umiejętności, jest stworzenie mu okazji do rozmowy na temat czytanej lektury. Opisanie przebiegu wydarzeń lub postaci, podanie faktów oraz określenie związku przyczynowo skutkowego mogą być wymagające i trudne. Dają nam natomiast obraz tego, w jakim stopniu dziecko zrozumiało czytany tekst. Rozmowa na temat lektury daje dziecku także okazję do odniesienia treści tekstu do własnego doświadczenia lub wcześniej lektury oraz pozwala ćwiczyć wyrażanie własnych myśli.



Oczywiście wiek i poziom rozwoju dziecka decydują na ile złożone informacje na temat tekstu jest ono w stanie przekazać, ale bardzo ważne jest, aby stwarzać dzieciom okazję do opowiadania, pytania o nowe słowa i treści. Słownictwo z którego najczęściej korzystamy dotyczy głównie codziennych czynności, natomiast książki kryją w sobie wszystkie pomysły i całe słownictwo świata. Dlatego dzięki czytaniu stajemy się mądrzejsi, a uczniowie posiadający szerokie słownictwo osiągają lepsze wyniki w nauce.

Słowa to narzędzia umysłu – **Czytanie** czyni wszystkich mądrymi!

Viðauki 3 Viðeigandi boðskipti

Bínureglur eru reglur sem kenna viðeigandi boðskipti og hegðun og eru byggðar á persónu í bók Ásthildar Bj. Snorradóttur um *Bínu bálreiðu*. Myndirnar hanga á veggjum þar sem hópastundir eru á deildum, við matarborð og leiksvæði og hefur starfsfólk þær einnig í lyklakippum um hálsinn til að grípa til þegar þörf er á í öðrum aðstæðum.



Sitja kyrr



Hlusta



Passa hendur



Skiptast á



Bíða - stopp



Muna

Viðauki 4 Eyðublað bakgrunnsupplýsingar tví- eða fjöltyngdra barna

Nafn barns: _____ Kt: _____
 Fyllt út af: _____ Dags: _____

Um barnið:	
Er barnið fætt á Íslandi?	
Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?	
Hvert er móðurmál barnsins?	
Tala foreldrar/forráðamenn sitt móðurmál við barnið?	
Hefur barnið tök á því að dveljast í íslensku málumhverfi utan leikskólans?	
Hafa greinst málþroskafrávik eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?	
Á barnið í erfiðleikum með málskilning eða máltjáningu á eigin tungumáli?	
Hefur barnið greinst með heyrnarskerðingu?	
Er barnið með lítinn orðaforða miðað við janfaldra á eigin tungumáli?	
Er barnið með mikil framburðarfrávik miðað við jafnaldra á eigin tungumáli?	
Hafa foreldrar/forráðamenn áhyggjur af málþroska barnsins?	
Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?	
Annað:	

Viðauki 5 Hæfniramma MMS

Við mat á íslenskufærni tví- eða fjöltyngdra barna er notast við hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla frá menntamálastofnun (Halldóra Sigtryggisdóttir o.fl., 2021).

[haefniramma_isl_fjoltyngd_4_-_leikskoli.pdf \(mms.is\)](https://mms.is/haefniramma_isl_fjoltyngd_4_-_leikskoli.pdf)

Viðauki 6 Að byrja í leikskóla

Aðlögunaráætlun er að finna aftast í Foreldrahandbók Skýjaborgar -

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/skolastarfid/almennar-upplýsingar/ad-byrja-i-leikskola>

Viðauki 7 Eðlilegur málþroski og aldursviðmið

Þroskaframvinda 1-2 ára barna

Málskilningur	Getur	Ekki enn	Athugasemdir
Fylgir einföldum fyrirmælum s.s. réttu mér bangsann.			
Bendir á myndir í bókum eftir beiðni.			
Skilur einhver afstöðuhugtök s.s. undir, bak við.			
Málvitund			
Hermir eftir nýjum orðum.			
Hermir eftir hljóðum s.s. dýrahljóðum, bílahljóðum.			
Tekur þátt í leikjum með söngvum eða þulum s.s. með látbragði.			
Framburður			
Spurnartónn fer að heyrast.			
Hermir eftir hljóðum s.s. dýrahljóðum, bílahljóðum.			
Orðaforði			
Þekkir 70-100 orð (16-20 mánaða).			
Eykur hratt við orðaforða sinn.			
Setningamyndun			
Nefnir hluti með orði s.s. dúkka, bíll, kubbur.			
Tveggja orða setningar myndast.			
Athygli / einbeiting			
Sýnir sameinaða athygli.			
Eirir við verkefni s.s. bók eða kubba smá stund.			
Sýnir bókum áhuga.			
Tjáskipti / samskipti			
Hermir eftir.			
Sýnir viðbrögð við tilfinningum annarra.			
Myndar tengsl í nýjum aðstæðum.			
Samleikur / félagsfærni			
Sýnir félagsleg samskipti s.s. vinka bless.			
Sýnir öðrum börnum áhuga.			
Heilsar og kveður.			

Proskaframvinda 2-3 ára barna

Málskilningur	Getur	Ekki enn	Athugasemdir
Bendir á algenga hluti þegar það er beðið um það.			
Fylgir einföldum fyrirmælum s.s. réttu mér bókina, settu bangsann í hilluna.			
Þekkir hlut þegar sagnorð er notað í fyrirmælum s.s. með hverju klippum við?			
Málvitund			
Sýnir áhuga þegar það skoðar myndabækur með fullorðnum.			
Tekur þátt í söngstundum.			
Tekur þátt í leikjum með rími og þulum.			
Framburður			
Auðvelt er að skilja barnið.			
Ber fram orð með /m/, /n/, /b/, /l/.			
Ber orð yfirleitt skýrt fram.			
Orðaforði			
Notar algeng orð yfir hluti s.s. húfa, úlpa, kubbur.			
Notar algeng sagnorð s.s. moka, borða, detta.			
Notar fornafn um sjálft sig s.s. ég, mig, mitt, mín.			
Setningamyndun			
Notar tveggja til þriggja orða setningar.			
Spyr spurninga.			
Notar yrðingar með nei eða ekki s.s. má ekki taka kubbinn, ekki fara inn.			
Athygli / einbeiting			
Beinir athygli að ákveðnu verkefni.			
Heldur athygli við verkefni í stutta stund.			
Finnst gaman að láta lesa fyrir sig.			
Tjáskipti / samskipti			
Lætur þörf fyrir að tjá sig í ljós að fyrra bragði s.s. með svipbrigðum eða látbragði.			
Tjáir sig með orðum við aðra að eigin frumkvæði.			
Heldur uppi samræðum í stutta stund.			
Samleikur / félagsfærni			
Hefur áhuga á að leika við aðra.			
Sækist eftir því að hjálpa við ýmiskonar athafnir.			
Á frumkvæði að jákvæðum samskiptum.			

Proskaframvinda 3-4 ára barna

Málskilningur	Getur	Ekki enn	Athugasemdir
Flokkar hluti eftir yfirhugtökum s.s. föt, matur, dýr.			
Skilur setningar sem innihalda forsetningar s.s. settu bókina í hilluna.			
Þekkir þrjú til fjögur litaheiti.			
Málvitund			
Þekkir rímleiki og söngva sem oft er farið í.			
Tekur þátt í að ríma.			
Getur með hjálp greint mun á líkum orðum.			
Framburður			
Ber /k/, /g/ rétt fram í orðum			
Notar /s/, /f/ og /v/ rétt fremst í orðum.			
Ber fram öll atkvæði í þriggja atkvæða orðum.			
Orðaforði			
Notar nafnorð í fleirtölu.			
Notar spurnarorð s.s. hver, hvar.			
Notar þátíð sagna s.s. keyrði og borðaði.			
Setningamyndun			
Myndar allt að fjögurra orða setningu með rétttri orðaröð.			
Notar forsetningar í setningum s.s. í, á, undir, aftan.			
Tengir saman setningar með og/ en.			
Athygli / einbeiting			
Heldur sig við sjálfvalin verkefni.			
Situr kyrr á sínum stað ef til þess er ætlast.			
Getur beðið eftir því að röðin komi að því án þess að missa athyglina.			
Tjáskipti / samskipti			
Notar málið í eðlilegu samhengi við það sem er að gerast.			
Heldur uppi samræðum í dálitla stund.			
Tjáir óskir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum.			
Samleikur / félagsfærni			
Getur fylgt reglum í leik sem fullorðinn stýrir.			
Tekur eftir því að önnur börn sýni því áhuga sem það er sjálft upptekið af.			
Getur tekið leiðbeiningum með því að herma eftir öðrum			

Proskaframvinda 4-5 ára barna

Málakilningur	Getur	Ekki enn	Athugasemdir
Skilur stigbeytingu lýsingarorða s.s. stór, stærri, stærstur.			
Skilur málsgreinar með neitun í aukasetningu t.d. hvar er bíllinn sem er ekki rauður.			
Útskýrt orð yfir algenga hluti s.s. hvað er litur, hvað er bók.			
Málvitund			
Kann að ríma.			
Getur aðgreint fyrsta hljóð í orðum.			
Betur skrifað nafnið sitt/gælunafnið sitt.			
Framburður			
Getur borið samhljóðaklasa rétt fram s.s. ljón, hlaupa, veski.			
Ber /s/ hljóð rétt fram.			
Ber /r/ hljóð rétt fram.			
Orðaforði			
Notar litaheiti með nafnorðum s.s. gulur bíll, rauður kubbur.			
Notar yfirhugtök í töluðu máli s.s. útiföt, matur, dýr.			
Notar orð yfir form, stærð og fjölda s.s. þríhyrningur, stórt, margir, tveir.			
Setningamyndun			
Notar hvernig, af hverju/hvers vegna spurningar.			
Myndar setningar um það sem hefur gerst eða getur gerst.			
Notar af því að setningar.			
Athygli / einbeiting			
Heldur athygli við verkefni í dagóða stund.			
Leikur sér án þess að trufla aðra.			
Tekur þátt í frjálsum leik líkt og jafnaldrar.			
Tjáskipti / samskipti			
Frásagnir eru með ákveðnu samhengi.			
Tjáir sig skiljanlega og tekur svörum viðmælenda.			
Fer með stuttar vísur og brandara.			
Samleikur / félagsfærni			
Tekur þátt í samleik í jafn langan tíma og jafnaldrar.			
Tekur þátt í hlutverkaleik.			
Fylgir félagslegum leikreglum.			

Byggt á TRAS skráningu (Björk Alfreðsdóttir, o.fl., 2013).

Viðauki 8 Flokkun á málörvunarefni

Til að auðvelda markvissa íhlutun flokkar leikskólinn leik- og námsefni skólans eftir því hvaða möguleika efnið gefur til markvissrar málörvunar.



Framburður og hljóðkerfisvitund

Rím

Það að geta rímað og hlustað eftir rími er færni sem hjálpar börnum að skilja hvernig tungumálið virkar, hjálpar þeim að koma auga á / hlusta eftir hljóðum innan orða. Þegar við rímum eða förum með þulur eða vísur þá leggjum við ósjálfrátt áherslu á sérhljóða í orðum sem auðveldar við að koma auga á atkvæði í orðum. Rím hjálpar einnig við að skynja takt tungumálsins og undirbýr börn fyrir að sjá fyrir orð í texta (hvaða orð gæti komið næst). Svo er rím ótrúlega skemmtilegt.

Vinna má með rím með því að:

- Nota runur eða úrtalningarpulur í ýmsum aðstæðum.
- Lesa rímsögur. Með endurteknum lestri geta börnin hjálpað til við að finna rímorðin í sögum.
- Fá börnin til að búa til eigið rím.
- Spila rímbingó.
- Ríma í daglegu starfi.
- Fara með vísur og þulur.
- Syngja.

Atkvæði / samstöfur / hljóð

Að greina atkvæði orða snýst um að skipta orðum í minni hluta, samstöfur. Samstöfur snúast um hljóðræna orðhluta en ekki endilega atkvæði samkvæmt íslenskum málfræðireglum. Samstöfur má finna með því að klappa hljómfall í orðum. Við leggjum áherslu á að greina einstaka hljóð í tungumálinu og framburð þeirra.

Vinna má með atkvæði og samstöfur með því að:

- Klappa nöfn og orð og telja.
- Sundurgreina og samtengja orð. S-Ó-L hvaða orð er ég að segja...
- Ríma – þá leggjum við áherslu á sérhljóða í orðum.
- Vinna með Lubbaefni, Markvissa málörvun, Ljáðu mér eyra og SÓL málörvunarefni.

Samleikur / félagsfærni

Tjáskipti / samskipti

Athygli / einbeiting

Í leikskólanum er mikilvægt að þjálfar upp færni í athygli og einbeitingu. Einnig að fylgjast með og skiptast á. Hér koma Bínureglur að góðum notum í skipulögðum stundum. Mikilvægt er að hafa slíkar stundir ekki of langar til að byrja með en vinna markvisst að því að auka úthald smám saman eftir því sem börnin eldast og þroskast.

Vinna má með þessa þætti með því að:

- Læra Bínureglurnar.
- Spila spil sem krefjast samskipta og tjáskipta.
- Nota félagsfærnisögur.
- Kenna í frjálsum leik.
- Leggja áherslu á hlutverkaleik.
- Nota opnar spurningar.

(Málvitund, setningamyndun, málskilningur)

Málfræði fjallar um það hvernig börn ná tökum á ýmsum málfræðireglum eins og fallbeygingu, þátíð og fleirtölu orða. Talað er um að í kringum tveggja og hálfis árs aldurinn byrji börn að nota málfræðiendingar og í framhaldinu reyna að leita að kerfi til að nota þær rétt. Setningafræði er eitt af kerfum tungumálsins sem þróast yfir tíma. Börn læra reglur og kerfi út frá því sem þau heyra í umhverfinu.

Barn á leikskólaaldri lærir tungumálið að miklu leyti í gegnum samskipti við fullorðna og því mikilvægt að þau hafi fjölmörg og ólík tækifæri til samskipta í ólíkum aðstæðum.

Vinna má með málfræði í leikskólanum með því að:

- Nota tungumálið í mismunandi aðstæðum
- Aðlagga tungumálið að þörfum viðmælanda og aðstæðum.
- Fylgja reglum um samræður og sögugerð (skiptast á, viðhalda, útskýra, nota svipbrigði og augnsamband).
- Æfa líkamstjáningu sem tilheyrir samskiptum s.s. blæbrigði, svipbrigði, bendingar og líkamsstöðu.
- Æfa að fylgja fyrirmælum.
- Afstöðuhugtök (yfir, undir, ofan á, fyrir aftan....) eintala, fleirtala, lýsingarorð, föll.

Orðaforði

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur kann og skilur. Honum er hægt að skipta upp í virkan orðaforða, orð sem við kunnum og notum í daglegu tali, og óvirkan orðaforða, orð sem við skiljum en notum ekki. Óvirki orðaforðinn er að jafnaði mun stærri en sá virki. Góður orðaforði er grunnurinn að góðum lesskilningi og tengist læsi á þann hátt.

Við vinnum með orðaforða í leikskólanum með því að:

- Tala saman – skiptast á í samræðum.
- Tryggja að öll börn fái tækifæri til virkra samskipta á hverjum degi - sérstaklega þau sem þurfa hvatningu og hafa íslensku sem annað mál.
- Hlusta hvert á annað.
- Lesa bækur. Nýta Orðaspjalls aðferðina.
- Nota Orðasjóð í markvissa orðaforðainnlögn.
- Spila spil.
- Leggja inn ný orð.
- Vinna með orðaforða frá grunnlagi til efsta lags.
- Hafa fjölbreytni í skólastarfinu.

Heyrnarminni / vinnsluminni

Margir færniþættir tungumálsins gera kröfur til minnisþátta. Til að geta t.d. skynjað hljóð, víxlað hljóðum, búið til ný orð úr stafarunum og víxla orðum gerir kröfur á gott skammtímaminni þar sem börn hafa eingöngu hlustun og heyrnarminni til að reiða sig á. Gott vinnsluminni hjálpar börnum að muna og geyma hljóðrænar upplýsingar í minni í skamman tíma.

Í leikskólanum er hægt að vinna með heyrnarminni með því að:

- Nota verkefni í SOL og Litla SOL bókum og Markviss málörvun.
- Lesa bækur og rifja upp söguþráð og orðaforða.
- Spila samstæðuspil, bingó og rökleiki.

MÁLÖRVUNARSTUND DROPINN

Allir setjast á sinn stað og hópurinn
boðinn velkominn

Farið yfir Bínureglur

Verkefni tímans sett upp sjónrænt

Verkefni unnin

Verkefni rifjuð upp

Þakkað fyrir tímann

MÁLÖRVUNARSTUND REGNBOGINN

Allir setjast á sinn stað og hópurinn
boðinn velkominn

Farið yfir Bínureglur

Verkefni tímans sett upp sjónrænt

Verkefni unnin

Verkefni rifjuð upp

Þakkað fyrir tímann

Gæðaviðmið fyrir mál og læsi í leikskóla

Spurningar sem gott er að spyrja sig við skipulagningu og mat.

Fer fram nám sem leggur öflugan grunn að þróun bernskulæsis í leikskólanum?

- Bernskulæsi (emergent literacy)- er ákveðin **færni, þekking og viðhorf** barna í mál og læsi í víðum skilningi og þróast sem undanfari læsis / lestrar. Það vísar til lestrarhegðunar barna á leikskólaaldri áður en formleg kennsla hefst. Hugmyndin felst í að ung börn byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum **bóklestur** og **málhvetjandi** samskipti við fullorðna og önnur börn. Megin áhrifavaldar eru forvitni barns, samskipti og reynsla af ritmáli. Þau afla sér **bakgrunnsþekkingar** um læsi án þess þó að geta beitt hefðbundinni lestrartækni og geta lesið.

Er barnið í brennidepli og unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði?

- Er skipulagið hugsað út frá **þörfum** barnahópsins hverju sinni – tekið mið af þeim proska sem hvert barn býr yfir, reynslu þess og áhuga?

Er markvisst unnið að því að vekja áhuga barna á máli og litið á tungumálið sem skapandi efnivið?

- Er virk **læsisstefna** í skólanum, er skýrt hvernig unnið er að málörvun og íhlutun?

Er lögð áhersla á fjölbreytta vinnu með alla þætti máls?

- Mál, hlustun, orðaforði, máltjáning, málskilningur, söngur, trall, babl, markviss málörvun, efling hljóðkerfisvitundar.

Hafa börn gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efniviði, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkkunnáttu í máli og læsi?

Eru lesnar barnabækur um fjölbreytt efni til yndis og ánægju og til að efla mál og læsi?

- Er starfsfólk meðvitað um mikilvægi ritmáls fyrir mál- og lestrarþroska barna? Eru bækur notaðar á markvissan hátt til að auka **orðaforða**, vekja athygli á

uppbyggingu ævintýra og sagna, er lesið með innlifun og af áhuga fyrir börnin? Er efniviður bóka nýttur til frekari samræðna eða rannsókna?

Er lesið daglega fyrir börnin í stærri og minni hópum og fyrir eitt barn þegar því verður við komið eða þörf krefur?

Er litið á söngva, vísur og þulur sem mikilvægan efnivið í leikskólastarfi, meðal annars með tilliti til málörvunar og læsis?

Eru sögur og kveðskapur uppspretta sköpunar í leik sem eflir mál og læsi?

- Er ritmál og söngur/vísur meðvitað notaðar til að dýpka þekkingu og færni barna?

Er markvisst unnið að því að kenna íslensku sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítyngdra barna í leikskólastarfinu?

- Er **mótttökuáætlun** virk, er unnið sérstaklega að virkni **tvítyngdra** í skólastarfinu?

Er fylgst með framförum barna í málþroska og læsi?

- (ferilmöppur, skráningar, íhlutun, orðaskil, hljóð-2, ísl þroskalistinn, smábarnalistinn, mat á tvítyngi, TRAS og MIO).

Er mat á framförum nýtt til skipulagningar starfsins?

Er snemmtækri íhlutun beitt og leitað eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska?

Eru foreldrar virkjaðir í samstarf um mál og læsi barna sinna og upplýstir um framfarir þeirra?